



## Blaðamannaverðlaun

# Kjarabaráttuvetur

- **Áfangasigur gegn** ógreiddri yfirvinnu
- **Launatöflur í** nýjum samningi
- **Verkföll blaðamanna** fyrir og nú



**Anna Careborg ritstjóri Svenska Dagbladet**

- **Rannís styrkir** rannsókn á blaðamennsku
- **Viðtal við formann** Evrópusambands blaðamanna
- **Er hægt að kenna** blaðamennsku?



# EFNI BLAÐSINS



## Félagið

- 4** Blaðamannaverðlaun
- 7** Tilnefning er heiður
- 8** Hjámar Jónsson: Áfangasigur gegn ógreiddri yfirvinnu

## 10 Launatöflur

## Umræðan

- 12** Björn Vignir Sigurpálsson: Verkföll fyrr og nú
- 16** Birgir Guðmundsson: Anna Careborg hjá Svenska Dagbladet
- 20** Jóhannes Kr. Kristjánsson: Hvað er ekki hægt að kenna í blaðamennsku?
- 24** Staða og framtíð blaðamenskunnar
- 26** Stuðningur við fjölmiðla er stuðningur við lýðræði

**Útgefandi:** *Blaðamannafélag Íslands*

**Ritstjóri og ábyrgðarmaður:**

*Birgir Guðmundsson (birgirg@unak.is).*

**Prófarkalestur:** *Bragi V. Bergmann (bragi@fremri.is)*

**Útlitshönnun:** *Ásprent*

**Prentun:** *Ásprent*

## Skrifstofa Blaðamannafélagsins

*er í Síðumúla 23, 108 Reykjavík. Sími 553 9155*

*Bréfsími 553 9177*

*Netfang [bi@press.is](mailto:bi@press.is)*

*Heimasíða BÍ [www.press.is](http://www.press.is)*

*Skrifstofan er opin alla virka daga frá kl. 9.00-16.00.*

*Starfsmenn BÍ eru Hjálmar Jónsson formaður*

*og Jóna Th. Viðarsdóttir skrifstofustjóri.*



## Úrskurðir

## 28 Síðaúrskurðir

## Félagatal

## 33 Félagatal BÍ

## Forsíðumynd

*Forsíðumyndina tók Kristinn Magnússon af þeim sem voru tilnefndir til Blaðamannaverðlauna.*

# Plágan og fjölmiðlarnir

Það eru óvenjlegir tímar í heiminum í dag. Covid-19 faraldurinn hefur umturnað hefðbundnum lífsháttum okkar og framkallað óvissu, ótta og jafnvel örvæntingu á ýmsum sviðum. Fæst okkar höfum í raun upplifað annað eins, enda má segja að plágan og áhrif hennar séu nánast af biblískri stærðargráðu. Allt hefur þetta orðið til þess að fólk er farið að taka ýmsa grundvallarþætti samfélagsveruleikans til gagngerrar endurskoðunar, má þar t.d. nefna samskipti manna á milli og mikilvægi þeirra, samstöðu og sameiginlega ábyrgð, hlutverk og ábyrgð ríkisvaldsins og hlutverk og ábyrgð einkafyrirtækja. Í því samhengi er vert að staldra við tvennt sérstaklega.

Fyrra atriðið er upplýsingakerfi samfélagsins. Sjaldan hefur það verið jafn mikilvægt og nú að almenningur fái sannar og staðreyndar upplýsingar um það sem helst brennur á honum, sem í dag er Covid-19, útbreiðsla hennar og hegðun, hvernig ber að hegða sér og til hvaða viðbragða gripid er til varnar heilsu fólks og lífsafkomu. Réttar upplýsingar, staðreyndar og ábyrgar, geta hreinlega skipt sköpum um líf og dauða og ráðið úrslitum um þróun plágunnar. Hlutverk hefðbundinna ritstýrðra fjölmiðla í þessu upplýsingaflæði hefur opnað augu margra fyrir því að það er grundvallarmunur á þeim upplýsingum sem eru á sveimi í nútímasamfélögum. Annars vegar er hinn ritstýrði upplýsingaheimur sem almennt séð tekur ábyrgð á því sem sett er fram og beygir sig undir reglur og staðla faglegar blaðamennsku og hins vegar er það hinn óritstýrði heimur samfélagsmiðlanna þar sem alls óvíst er hvort einhver gengst við ábyrgð. Þar er veruleiki „síð-sannleikans“ allsráðandi og enginn „sannleikur“ merkilegri en annar og staðreyndum, skoðunum, tilbúningi og hvers kyns upplýsingamengun ægir saman í einum graut. Heilbrigðisfyrirvöld, bæði hér á Íslandi og erlendis, hafa enda varað við flámi þvælu á samfélagsmiðlum og hvatt almenning til að nota hefðbundna miðla. Í Bretlandi hafa menn jafnvel gengið svo langt að tala um tvenns konar samhliða plágur, Covid-19 og falsfréttir um Covid-19, og að áhöld séu um hvor sé verri!

Hitt atriðið sem hér verður staldrað við er hin gríðarlega efnahagslægd sem leiðir af faraldrinum. Samdrátturinn hefur blessunarlega framkallað nánast hnattræna samstöðu um að ríkisvaldið hafi mikilvægu hlutverki að gegna til að halda samfélaginu, og þar á meðal einkafyrirtækjum, gangandi. Hér á landi keppast stjórn og stjórnarandstaða við að undirstrika mikilvægi inngripa og allir eru í raun sammála um meginmál þó blæbrigði séu í útfærslu. Enda þarf víða að koma til hjálpar. Þó allt séu þetta þarfar og jákvæðar aðgerðir, skýtur það óneitanlega dálítið skökku við, þegar milljarðarnir streyma úr ríkissjóði, að nánast engin umræða hefur verið um mikilvægi þess að styrkja upplýsingakerfi samfélagsins þegar mikilvægi þess blasir við betur en nokkru sinni. Fjölmiðlafurumvarp menntamálaráðherra hefur verið í einhvers konar biðstöðu í vetur vegna þráteflis innan stjórnarliðsins, aðallega um RÚV, og er þar þó um að ræða órlítt kepp í þessari milljarða sláturtíð björgunaraðgerða. Gera má ráð fyrir að þrátt fyrir að notkun á og traust til hefðbundinna fjölmiðla hafi aukist verulega vegna faraldursins, þá muni innlend fjölmiðlafyrirtæki og sérstaklega þau sem búa til fréttir og fréttatengt efni, verða fyrir gríðarlegu höggi – og var staðan ekki góð fyrir! Þessir miðlar þurfa auk þess að keppa við erlendar streymiveitur og samfélagsmiðla, sem munu enn frekar þröngva sér inn á áhorfenda- og auglýsingamarkað. Þrátt fyrir að þessir aðilar séu góðra gjalda verðir skila þeir ekki því hlutverki sem innlendar fréttamiðlar gegna. Þjóðfélagið stendur einfaldlega frammi fyrir því að upplýsingakerfi lýðræðisins gæti stórskadað, fjölmörg störf blaðamanna tapist, þrýstingur um markaðsvæðingu þess fréttafenis sem þó er unnið aukist, og samfélagið í heild forheimskist.

Framundan eru erfiðir tímar faglega fjölmiðlun og brynt að blaðamenn standi fast í faglega ístaðinu. Þó umræða um hvernig faglegri upplýsingamiðlun verði best borgið á tímum plágunnar hafi því miður ekki verið áberandi hljófum við að gera kröfu um að kastljósinu verði fyrr en síðar beint að þessu grundvallaratriði lýðræðissamfélagsins. *Birgir Guðmundsson*

## Aðalstjórn:

Formaður: Hjálmar Jónsson  
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir, Birtingi, varaformaður  
Sunna Kristín Hilmarsdóttir, Vísi  
Jóhann Hliðar Harðarson, RÚV  
Helga Arnardóttir, lausamaður  
Björn Jóhann Björnsson, Morgunblaðinu  
Trausti Hafliðason, Viðskiptablaðinu

## Varamenn

Sigurður Mikael Jónsson, Fréttablaðinu  
Ragna Gestsdóttir, DV  
Vala Ósk Bergsveinsdóttir

## Samningaráð

Hjálmar Jónsson, formaður BÍ  
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir, varaformaður BÍ  
Guðni Einarsson, Mbl.  
Jón Hákon Halldórsson, Vísi  
Baldur Guðmundsson, Fréttablaðinu  
Sunna Kristín Hilmarsdóttir, Vísi

## Varamenn

Jóhann K. Jóhannsson, Sýn  
Guðjón Guðmundsson, Viðskiptablaðinu  
Guðmundur Bergkvist, RÚV

## Dórnafnd Blaðamannaverðlauna

Björn Vignir Sigurpálsson  
Arndís Þorgeirsdóttir  
Óli Kr. Ármannsson  
Steinunn Stefánsdóttir  
Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir

## Menningar- og orlofshúsasjóður

Lúðvík Geirsson, formaður  
Elín Albertsdóttir  
Guðmundur Sv. Hermannsson

## Varamaður:

Sigurður Már Jónsson

## Stjórn Styrktarsjóðs

Arndís Þorgeirsdóttir, formaður  
Ragnhildur Aðalsteinsdóttir  
Guðni Einarsson

## Varamenn

Baldur Guðmundsson  
Sunna Kristín Hilmarsdóttir  
Hjálmar Jónsson

## Skoðunarmenn reikninga

Sigtryggur Sigtryggsson  
Hörður Ægisson

## Varamaður

Guðmundur Sv. Hermannsson

## Kjörnefnd

Arndís Þorgeirsdóttir  
Kristján Hjálmarsson  
Guðmundur Ólafur Ingvarsson

## Trúnaðarmenn á helstu vinnustöðum

Morgunblaðið: Guðni Einarsson,  
Kristín Heiða Kristinsdóttir.  
Fréttablaðið: Aðalheiður Ámundadóttir  
Sýn/Vísir/Bylgjan: Sunna Kristín Hilmarsdóttir  
Birtingur: Ragnhildur Aðalsteinsdóttir  
Viðskiptablaðið: Guðjón Guðmundsson



# Blaðamannaverðlaun ársins 2019

Blaðamannaverðlaun ársins 2019 voru veitt í Blaðamannaklúbbnum í mars en af óviðráðanlegum ástæðum fór í ár ekki saman veiting verðlaunanna og viðurkenninga í tengslum við Mynd ársins 2019. Engu að síður var um sérstaklega hátíðlega athöfn að ræða eins og venja er. Í ár fór dómnefnd þá leið að hafa rökstuðning sinn fyrir tilnefningum ítarlegri en vant er, en á móti var ekki settur fram sérstakur rökstuðningur fyrir vali þeirra sem verðlaunin hlutu í hinum einstöku flokkum. Niðurstaða dómnefndar var þessi:

## Besta umfjöllun:

Verðlaunin hlutu þau Alma Mjöll Ólafsdóttir, Jóhann Páll Jóhannsson, Margrét Marteinsdóttir og Steindór Grétar Jónsson, Stundinni, fyrir umfjöllun um hamfarahlýnun.

## Viðtal ársins:

Verðlaunin hlutu þau Erla Björg Gunnarsdóttir, Nadine Guðrún Yaghi og Jóhann K. Jóhannsson, Kompási, Fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar, fyrir viðtal og umfjöllun um barn sem var lokað inni á heimili með geðveikri móður.

## Rannsóknarblaðamenska:

Verðlaunin hlutu þeir Aðalsteinn Kjartansson, Helgi Seljan, Ingi Freyr Vilhjálmsson og Stefán Drengsson, Kveik og Stundinni, fyrir umfjöllun um Samherjamálið.

## Blaðamannaverðlaun ársins:

Verðlaunin hlaut Arnar Páll Hauksson, Speglinum, RÚV, fyrir umfjöllun um kjaramál.

*Hér á eftir verður gerð grein fyrir rökum dómnefndar verðlaunanna vegna tilnefninga og vali á sigurvegurum.*

## Besta umfjöllun ársins 2019

**Arnildur Hálfánardóttir, RÚV.** Fyrir þáttaröðina Loftslagsþerapían. Þættirnir eru vandaðir og yfirgripsmiklir þar sem varpað er nýju ljósi á loftslagsvána með því að skoða snertifleti hennar við það mannlega í samfélaginu, siðferði, tilfinningar, sálfræði, trúarbrögð og pólitík. Um er að ræða persónulega og frumlega nálgun að umfjöllun um eitt stærsta verkefni samtímans.

**Alma Mjöll Ólafsdóttir, Jóhann Páll Jóhannsson, Margrét Marteinsdóttir og Steindór Grétar Jónsson, Stundinni.** Fyrir umfjöllun um hamfarahlýnun. Í yfirgripsmikilli og vandaðri umfjöllun fjalla blaðamenn Stundarinnar um fyrirséðar afleiðingar og birtingarmyndir loftslagsvárs hér á landi og víðar, aðgerðir stjórnvalda og viðleitni einstaklinga til þess að vega upp á móti skaðlegum umhverfisáhrifum sem stafað geta af daglegu lífi fólks.

**Magnús Halldórsson og Þórður Snær Júlíusson, Kjarnanum.** Fyrir umfjöllun um efnahagsmál. Í fjölmörgum og upplýsandi fréttaskýringum vörpuðu Magnús og Þórður Snær ljósi á þróun efnahagsmála á umbreytingatímum síðasta árs, þegar samdráttur tók við af allöngu góðærístímabili. Um er að ræða afar vandaða umfjöllun þar sem efniviður fréttu úr viðskipta- og efnahagslífi er greindur og settur fram á skilmerkilegan og skiljanlegan hátt.

## Viðtal ársins 2019

**Orri Páll Ormarsson, Morgunblaðinu.** Fyrir viðtal við Sævar Þór Jónsson lögmann. Í viðtalinu er á næman og nærgættinn hátt fjallað um afar viðkvæmt málefni, kynferðisofbeldi sem viðmælandinn varð fyrir á barnsaldri og þau djúpstæðu áhrif sem atburðurinn hafði á líf hans. Viðtalið, sem er lifandi og lipurlega skrifað, fangar athygli lesandans og heldur henni þar til frásögninni er lokið.



Tilnefndir í flokknum Besta umfjöllun ársins.



Hópur tilnefndra við veitingu Blaðamannaverðlaunanna.



Tilnefndir í flokknum Viðtal ársins.

**Erla Björg Gunnarsdóttir, Nadine Guðrún Yaghi og Jóhann K. Jóhannsson, Kompási, Fréttastofu Stöðvar 2, Vísis og Bylgjunnar.** Fyrir viðtal og umfjöllun um barn sem var lokað inni á heimili með geðveikri móður. Vandað viðtal við 17 ára stúlku, Margréti Lillý Einarsdóttur, sem lýsir því hvernig samfélagið brást henni þegar hún á grunnskólaaldri ólst upp ein hjá móður sem átti við bæði geðrænan vanda og fíknivanda að stríða. Viðtalið vakti verðskuldaða athygli og var fylgt eftir með fjölda fréttu um stöðu barna í viðkvæmri stöðu, starfsemi barnaverndarnefnda og fleiri þætti og leiddi meðal annars til þess að bæjarstjóri Seltjarnarness baðst formlega afsökunar á því hvernig staðið var að málum í tilviki Margrétar Lillýjar.

**Ari Brynjólfsson, Fréttablaðinu.** Fyrir viðtal við fjóra erlenda vagnstjóra. Í lifandi og skemmtilegu viðtali, sem fangar og heldur athygli lesenda, ræðir Ari við fjóra erlenda vagnstjóra hjá Strætó sem lýsa lífi sínu, starfi og samskiptum við farþega. Viðtalið sýnir manneskjur á bak við störf og þjóðerni. Viðtalið vekur lesendur meðal annars til umhugsunar um hvernig hér er komið fram við starfsfólk sem er af

erlendu bergi brotið. Tæknileg útfærsla á viðtali við fjóra einstaklinga í senn er afskaplega vel úr hendi leyst.

### Rannsóknarblaðamennska ársins 2019

**Aðalsteinn Kjartansson og Stefán Drengsson, Kveik.** Fyrir umfjöllun um Procar-málið. Afhjúpun Kveiks um að bíla-leigan Procar hefði stundað svindl á neytendum með því að færa niður kílómetrastöðu bílaleigubíla áður en þeir voru seldir vakti hörð viðbrögð og sýndi fram á alvarlega brotalöm í viðskiptum með notaða bílaleigubíla. Umfjöllunin byggði á heimildum og öflugri rannsóknarvinnu sem skilaði sér í afhjúpun sem hefur haft afdrifarík áhrif á viðskipti með notaða bíla.

**Aðalsteinn Kjartansson, Helgi Seljan, Ingi Freyr Vilhjálmsson og Stefán Drengsson, Kveik og Stundinni.** Fyrir umfjöllun um Samherjamálið. Fá mál vöktu meiri athygli í íslensku samfélagi en umfjöllun Kveiks og Stundarinnar í samvinnu



Tilnefndir í flokknum Rannsóknarblaðamennska ársins.

Myndir: Kristinn Magnússon



Tilnefndir í flokknum Bláðamannaverðlaun ársins.

við Al Jazeera og Wikileaks um ásakanir á hendur Samherja um mútugreiðslur í tengslum við starfsemi fyrirtækisins í Namibíu. Umfjöllunin byggði á staðhæfingum fyrrum starfsmanns Samherja í Namibíu og miklu magni gagna sem einnig voru gerð aðgengileg almenningi á netinu samhliða birtingu fréttar af málinu. Umfjöllunin hefur haft mikil áhrif, bæði hér heima og erlendis.

**Stefán Einar Stefánsson, Morgunblaðinu.** Fyrir bókina „Wow, ris og fall flugfélags“ ásamt fréttum og fréttaskýringum um sama mál í ViðskiptaMogganum. Gjaldprot Wow air er tvímælalaust eitt stærsta fréttamál síðasta árs og afleiðingar þess gríðarlegar, bæði á einstaklinga og efnahagslífi. Í ítarlegum fréttum, fréttaskýringum og bók um

málið hefur Stefán Einar dregið fram margvíslega fleti tengda starfsemi Wow, sögu flugfélagsins og eftirmála gjaldprottsins. Fréttirnar er vandaðar og ítarlegar, bókina lípurllega skrifuð og upplýsandi um ris og falls flugfélags, sem hafði mikil áhrif á íslenskt þjóðlíf.

## Bláðamannaverðlaun ársins 2019

**Guðrún Hálfðánardóttir, mbl.is.** Fyrir greinaflokkinn Skóli fyrir alla. Um er að ræða yfirgrípsmikla röð fréttar og fréttaskýringa um stöðu skólamála á Íslandi út frá því sjónarhorni að menntun sé mannréttindi sem allir eigi að njóta. Umfjöllunin varpar ljósi á stöðu mála og veltir upp flötum þar sem úrbóta er þörf, svo sem varðandi skýrleika námskrár og samræmis í vinnuáferðum á milli, og jafnvel innan, einstakra skóla.

**Arnar Páll Hauksson, Speglinum, RÚV.** Fyrir umfjöllun um kjaramál. Arnar Páll hefur af djúpri þekkingu og áralangri yfirsýn fjallað um kjaramál með afar vönduðum hætti í ótal fréttum og fréttaskýringum á tímum mikils umróts á vinnu-markaði. Hann hefur fjallað ítarlega um hugmyndir og tillögur sem lagðar hafa verið fram í kjaraviðræðum og flytur iðulega fyrstu fréttir af þróun mála.

**Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Stundinni.** Fyrir vönduð viðtöl og umfjallanir. Í fjölda fréttar, fréttaskýringa og viðtala hefur Hólmfríður Helga sýnt afar vönduð vinnubrögð í umfjöllun um margvísleg viðkvæm málefni og brotalamir í íslensku samfélagi. Má þar nefna vandaða umfjöllun um stöðu kvenna frá löndum utan EES sem hafa fest í ofbeldis-samböndum hér á landi og upplýsandi viðtöl og umfjöllun um fjölskyldur sem fundið hafa skjól á Íslandi eftir erfiðleika í heimalöndum sínum. Hólmfríður hefur lagt mikið af mörkuðum við að lyfta röddum og greina frá reynslu fólks sem ekki á jafngreiðan aðgang að fjölmiðlum og margir aðrir.



Sigurvegargar að lokinni athöfn í Bláðamannaklúbbnum.

Myndir: Kristinn Magnússon

# Tilnefning er mikill heiður

## Ávarp Björns Vignis Sigurpálssonar, formanns dómnefna Bláðamannaverðlauna

*Ágætu félagar og aðrir góðir gestir.*

Velkomin á verðlaunaveitingu Bláðamannafélags Íslands hér í húsaýrnunum Bláðamannaklúbbsins, félagsheimili fjölmiðlamanna. Þetta er í 17. sinn sem veitt eru verðlaun fyrir það sem best þykir hafa verið gert í í þeim fjórum flokkum sem valið stendur um – það er að segja fyrir besta umfjöllun ársins, fyrir viðtal ársins, hvort heldur er í blöðum, tímaritum eða ljós-vakamiðlum, fyrir rannsóknarblaðamennsku ársins og loks blaðamannaverðlaun ársins.

Sérstakar reglur gilda fyrir hvern flokk en ástæðulaust er að tífunda þær frekar; áhugasömum má vísa á for-

síðu vefs Bláðamannafélagsins, [press.is](http://press.is), undir hausnum Bláðamannaverðlaun. Ekki er gerður neinn greinarmunur milli þessara fjögurra flokka, hvað varðar virðingu og vægi. Það eitt að vera tilnefndur í einhvern flokkanna er sannur heiður og til marks um að ástunduð hafa verið öguð vinnubrögð og góð blaðamennska.

Það gefur augaleið að það er ærinn starfi fyrir dómnefndarmenn að fara yfir allar þær tilnefningar vegna margskonar fréttu- og málefna í þjóðfélaginu sem fjölmiðlar landsins hafa látið til sín taka á síðasta ári. Þar kennir líka margra grasa, þó að

stærstu mál líðandi stundar séu oft fyrirferðarmikil og verðlaunaveitingarnar beri óhjákvæmilega einhvern keim af því. Ástæðulaust er að hafa frekari orð um það heldur koma sér að tilefni þessarar samkomu.

Áður er þó rétt að áréttu að dómnefndarmenn huguðu samvisskusamlega að hæfi sínu eða vanhæfi gagnvart einstökum tilnefningum enda oft ekki vanþörf á í litlu samfélagi.

Hefst nú verðlaunaveitingin. Nefndarmenn kynna sig og lesa rökstuðninginn með sigurvegara/sigurvegurum í hverjum flokki.



Björn Vignir Sigurpálsson.



**Nokkur orð frá formanni um kjarasamning og baráttu blaðamanna**

# Áfangasigur í baráttu gegn ógreiddri yfirvinnu

Kjarasamningar tókust í lok mars milli Blaðamannafélags Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Þeir eru í anda lífskjarasamningsins, en þrátt fyrir allt er þar einnig að finna nokkur atriði til viðbótar sem snúa sérstaklega að aðstæðum í stéttinni og starfsskilyrðum blaðamanna og geta reynst okkur afar mikilvæg þegar til lengri tíma er litið.

## Snúin deila

Ég er stoltur af framgöngu blaðamanna á liðnum mánuðum og samstöðunni sem þeir hafa sýnt í afskaplega snúinni kjaradeilu við mjög erfiðar aðstæður í efnahagslífinu og hjá fjölmiðlum yfir höfuð. Við stóðum með sjálfum okkur þegar flestir aðrir gerðu það ekki og samstaðan og baráttuandinn hefur alla tíð verið til fyrirmyndar. Ég held að stéttin standi sterkari eftir en áður, þótt við höfum

sannarlega ekki náð því fram sem við ætluðum okkur. Við vildum nota það rými sem fyrir hendi var til að bæta kjörin fremur en stytta vinnutímann, en töluðum því miður fyrir daufum eyrum í þeim efnum. Það þýðir ekki að berja höfðinu við steininn. Við sjáum hvernig öðrum hefur farnast í kjaradeilum sínum, jafnvel þrátt fyrir löng verkföll, og verðum auðvitað að horfa til þess. Þegar svo við bætist það óvissuástand sem nú er uppi hér á landi og um heim allan væri óds manss æði að loka ekki kjarasamningi og taka þær kjarabætur sem í boði eru. Svo einfalt er það.

## Hækkanir í samningi

Samningurinn er afturvirkur til 1. mars og þá hækka öll laun og launataxtar um 17 þús. Frá 1. apríl nk. hækka öll laun um 18 þús. og kauptaxtar um 24 þús. Frá 1. apríl er launahækkunin



Hjálmar Jónsson,  
formaður skrifar

þannig 35 þúsund að lágmarki fyrir alla og 41 þúsund fyrir þá sem eru á töxtunum.

Samningurinn gildir út október 2022 og er þannig til rúmlega tveggja ára. Aðrar áfangahækkanir eru í samræmi við lífskjarasamninginn og sama gildir um hækkanir júlí- og desemberuppþóta.

Launaþróunartrygging er sú sama og í öðrum samningum sem gerðir hafa verið og sama gildir um vinnu-



Kjörnefnd BÍ að störfum við talningu atkvæða í verkfallsátökum BÍ í vetur. F.v.: Kristján Hjálmarsson, Guðmundur Ólafur Ingvarsson og Arndís Þorgeirsdóttir.



tímastyttingu. Náist ekki samkomulag innan fyrirtækja um útfærslu styttingar fyrir árslok næsta árs verður vinnutími á dag 7 klukkustundir og 15 mínútur eða 36 klukkustundir og 15 mínútur á viku.

Samningurinn felur einnig í sér endurskoðun og uppfærslu á skilmálum og upphæðum líf- og slysa-tryggingar sem blaðamenn eru með í vinnu og í frítíma til að tryggja að blaðamenn séu tryggðir í þeim ólíku verkefnum sem þeir gætu þurft að sinna í vinnu sinni. Þá er nýtt ákvæði um að við launaákvörðun sé tekið tillit til ábyrgðar og þeirrar viðbótarvinnu sem starf vaktstjóra felur í sér.

## Ákvæði um yfirvinnu

Mikilvægasta ákvæðið sem varðar kjör blaðamanna og það sem ég trúi að eigi eftir að reynast okkur best þegar til lengri tíma er lítið, er nýtt ákvæði um yfirvinnu og hvernig greitt skuli fyrir hana. Ólaunuð yfirvinna hefur verið stærsta meinsemdin hvað varðar kjör blaðamanna á undanförunum árum, sem undantekningalítið vinna yfirvinnu án þess að fá hana greidda nema stundum, mismunandi eftir vinnustöðum. Afdráttarlaust er kveðið á um það að sé yfirvinna ekki greidd með venjulegum hætti er hægt að semja um að safna upp frídögum en fá yfirvinnuálagið greitt út með launum hverju sinni. Ef frídagar eru ekki teknir út fyrir 1. maí ár hvert eru þeir greiddir út.

Í ár verður greitt sérstakt álag á orlofsuppbót, 26 þúsund krónur. Þá er bókun um greiðslu tækja- og búnaðarkaupa í ár að fjárhæð 75 þúsund krónur. Útfærsla þar að lútandi er mismunandi eftir einstaka vinnustöðum í ljósi þarfa og viðræðna sem átt hafa sér stað í hverju fyrirtæki fyrir sig. Sú greiðsla kemur í stað afturvirkrar greiðslu vegna þess hversu mjög viðræður hafa dregist.

## Vinnutími og vinnuálag

Loks er í samningnum ítarleg bókun um vinnutíma og vinnuálag sem felur í sér að settir eru á laggirnar vinnuhópar á hverjum vinnustað fyrir sig. Vinnuhóparnir hafa það verkefni að

## • Í samningnum er þetta helst:

- Mánaðarleg hækkun launa frá 1. apríl um 35-41 þúsund kr.
- Áfangahækkunir eins og í lífskjarasamningnum og gildistími í rúmlega tvö ár
- Hækkun júlí- og desemberuppbóta
- Stytting vinnutíma í a.m.k. 7 klukkustundir og 15 mínútur í ársbyrjun 2022
- 26 þúsund króna álag á greiðslu júlíuppbótar í ár
- Endurskoðun á upphæðum og skilmálum líf- slysatrygginga blaðamanna
- Mjög hert ákvæði um greiðslu yfirvinnu sem á að koma í veg fyrir ógreidda yfirvinnu
- Eingreiðsla til tækja- og búnaðarkaupa í ár að fjárhæð 75 þúsund krónur
- Álag fyrir vinnu vaktstjóra
- Endurskoðun á samningum um greiðslur vegna framsals á höfundarrétti
- Vinnutími og vinnuálag á hverjum vinnustað verður skoðað og gerðar tillögur til úrbóta
- Sérstök hækkun á byrjunarlaunum háskólamenntaðra blaðamanna árin 2021 og 2022

yfirfara þessa hluti og gera tillögur til úrbóta. Þeir skulu skipaðir fyrir 1. júní og eiga að hafa lokið störfum fyrir 1. október í ár.

Þá felur samningurinn einnig í sér að greiðslur vegna framsals á höfundarrétti voru yfirfarnar á þeim vinnustöðum þar sem þess þurfti og þær samræmdar. Síðast en alls ekki síst felur samningurinn í sér sérstaka hækkun á byrjunarlaunum háskólamenntaðra blaðamanna á árunum 2021 og 2022.

Þar var sérstaklega ánægjulegt að blaðamenn skuli hafa samþykkt samninginn með jafn yfirgnæfandi meirihluta og raun bar vitni, enda fullreynt að lengra varð ekki komist að þessu sinni. Markverður árangur náðist þrátt fyrir allt, sérstaklega hvað varðar vopn til að berjast gegn ógreiddri yfirvinnu og miklu álagi sem

fylgir starfinu. Það og margt annað

sem lýtur að brotum á kjarasamningnum gerði það algerlega nauðsynlegt að láta reyna á samstöðuna í félaginu. Hún reyndist frábær eins og niðurstaða atkvæðagreiðslna sýnir ótvírætt.

Kjarasamningur félagsins tryggir góð réttindi á flestum sviðum, svo sem hvað varðar orlof, endurmenntun, tryggingar, veikindi, höfundarrétt, vinnutíma og fleira, þó launatölurnar séu alltof lágar og launaskrið lítið sem ekkert vegna ástandsins á fjölmiðlamarkaði. Félagið tryggir líka góð réttindi og okkur tókst að hrinda þeirri árás sem gerð var á félagið í samningaviðræðunum með kröfu um lækkun á greiðslum í sjóði félagsins.

Að mínu viti er félagið öflugt vopn í baráttunni fyrir bættum kjörum og kjarasamningurinn í mörgu tilliti mjög góður. Við munum fylgja eftir ákvæðum hans í dómsólum, ef þurfa þykir, í þeim atriðum sem okkur tókst ekki að fá endurskoðuð í kjaraviðræðunum. Félagið mun standa vörð um réttindi starfsmanna hér eftir sem hingað til.





### Launatöflur BÍ og SA

Launatafla SA og BÍ  
Gildir frá 1. mars 2020

17.000 kr. hækkun

#### Grunnlaun

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	339.816	362.944	376.820	391.529	407.363	419.074	431.136	443.560	456.357
2. flokkur	379.485	407.258	417.873	428.885	440.310	452.165	464.464	477.223	490.460
3. flokkur	388.776	417.873	428.885	440.310	452.165	464.464	477.223	490.460	

#### Grunnlaun með 15% álagi

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	390.788	417.386	433.343	450.258	468.467	481.935	495.806	510.094	524.811
2. flokkur	436.408	468.347	480.554	493.218	506.357	519.990	534.134	548.806	564.029
3. flokkur	447.092	480.554	493.218	506.357	519.990	534.134	548.806	564.029	

#### Grunnlaun með 21% álagi

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	411.177	439.162	455.952	473.750	492.909	507.080	521.675	536.708	552.192
2. flokkur	459.177	492.782	505.626	518.951	532.775	547.120	562.001	577.440	593.457
3. flokkur	470.419	505.626	518.951	532.775	547.120	562.001	577.440	593.457	

Launatafla SA og BÍ  
1. apríl 2020

24.000 kr. hækkun

#### Grunnlaun

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	363.816	386.944	400.820	415.529	431.363	443.074	455.136	467.560	480.357
2. flokkur	403.485	431.258	441.873	452.885	464.310	476.165	488.464	501.223	514.460
3. flokkur	412.776	441.873	452.885	464.310	476.165	488.464	501.223	514.460	

#### Grunnlaun með 15% álagi

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	418.388	444.986	460.943	477.858	496.067	509.535	523.406	537.694	552.411
2. flokkur	464.008	495.947	508.154	520.818	533.957	547.590	561.734	576.406	591.629
3. flokkur	474.692	508.154	520.818	533.957	547.590	561.734	576.406	591.629	

#### Grunnlaun með 21% álagi

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	440.217	468.202	484.992	502.790	521.949	536.120	550.715	565.748	581.232
2. flokkur	488.217	521.822	534.666	547.991	561.815	576.160	591.041	606.480	622.497
Flokkur	499.459	534.666	547.991	561.815	576.160	591.041	606.480	622.497	

## Launatafla SA og BÍ

1. janúar 2021

24.000 kr. hækkun

### Grunnlaun

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	387.816	410.944	424.820	439.529	455.363	467.074	479.136	491.560	504.357
2. flokkur	455.258		465.873	476.885	488.310	500.165	512.464	525.223	538.460
3. flokkur	465.873		476.885	488.310	500.165	512.464	525.223	538.460	

### Grunnlaun með 15% álagi

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	445.988	472.586	488.543	505.458	523.667	537.135	551.006	565.294	580.011
2. flokkur	523.547		535.754	548.418	561.557	575.190	589.334	604.006	619.229
3. flokkur	535.754		548.418	561.557	575.190	589.334	604.006	619.229	

### Grunnlaun með 21% álagi

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	469.257	497.242	514.032	531.830	550.989	565.160	579.755	594.788	610.272
2. flokkur	550.862		563.706	577.031	590.855	605.200	620.081	635.520	651.537
3. flokkur	563.706		577.031	590.855	605.200	620.081	635.520	651.537	

## Launatafla SA og BÍ

1. janúar 2022

25.000 kr. hækkun

### Grunnlaun

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	412.816	435.944	449.820	464.529	480.363	492.074	504.136	516.560	529.357
2. flokkur	480.258		490.873	501.885	513.310	525.165	537.464	550.223	563.460
3. flokkur	490.873		501.885	513.310	525.165	537.464	550.223	563.460	

### Grunnlaun með 15% álagi

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	474.738	501.336	517.293	534.208	552.417	565.885	579.756	594.044	608.761
2. flokkur	552.297		564.504	577.168	590.307	603.940	618.084	632.756	647.979
3. flokkur	564.504		577.168	590.307	603.940	618.084	632.756	647.979	

### Grunnlaun með 21% álagi

	Byrjunarl.	E. 4 mán.	E. 1 ár	E. 3 ár	E. 5 ár	E. 7 ár	E. 10 ár	E. 13 ár	E. 16 ár
1. flokkur	499.507	527.492	544.282	562.080	581.239	595.410	610.005	625.038	640.522
2. flokkur	581.112		593.956	607.281	621.105	635.450	650.331	665.770	681.787
3. flokkur	593.956		607.281	621.105	635.450	650.331	665.770	681.787	

# Blaðamannaverkföll fyrr og nú



Björn Vignir  
Sigurpálsson  
skrifar

*Blaðamenn hafa verið seinþreyttir til vandræða hvað verkföll varðar. Liðin er rösklega hálf öld frá því blaðamenn fóru í fyrsta verkfall félagsins. Síðan liðu 15 ár að þolinmæði blaðamanna brast á ný og félag þeirra fór í sitt annað verkfall í sögunni. Í vetur hefur síðan komið til verkfallsaðgerða af hálfu Blaðamannafélags Íslands.*

Verkföllin þrjú eiga það sammerkt að blaðamenn hafa talið sig hafa dregist svo aftur úr launum helstu viðmiðunarstétta að þeir telja sig þurfa að neyta þessa neyðarréttar sem verkföllin eru. Sá sem fyrstur fór fyrir verkfalli blaðamanna var Ívar H. Jónsson en hann var þá tiltölulega nýjorðinn formaður Blaðamannafélags Íslands. Hann er lögræðingur að mennt og var ritstjóri Þjóðviljans á þessum tíma en þar sem dagblöðin voru nær öll flokksblöð var fundin sú leið að blöðin mönnuðu formannsstól Blaðamannafélagsins 1 ár í senn. Þannig hélt friður nokkuð góður í félaginu en samfellan í starfi félagsins vildi rofna.

Ívar var ekki alls ókunnugur félaginu, því að hann sat í nefnd þeirri á vegum Blaðamannafélagsins sem undirbjó stofnun lífeyrissjóðs blaðamanna og setti honum reglur. Hann var einnig í þeirra nefnd félagsins sem samdi fyrstu siðareglur blaðamanna og Jónas heitinn Kristjánsson var í forystu fyrir. Því má segja að Ívar hafi um margt markað dýpri spor í sögu Blaðamannafélags Íslands en legið hefur í augum uppi. Og þarna var hann kominn í forystu býsna sundurleits stéttarfélag í verkfalli.

Ívar sagði sjálfur í viðtali við Blaða-



Ívar H. Jónsson fór fyrir fyrsta verkfalli blaðamanna 1963.

manninn árið 2013 þegar hann rifjaði upp að 50 ár voru liðin frá þessu fyrsta verkfalli blaðamanna að besta heimildin um það væri sennilega skýrsla sem hann flutti norræna blaðamanna-sambandinu 1966. Ívar segir þar m.a.

Í ágúst 1963 þurfti Blaðamannafélagið í fyrsta skipti í sögu félagsins að grípa til verkfalls sem stóð í tvær vikur. Þetta var síðasta úrræðið sem félagið hafði til að leggja áherslu á launakröfurnar sem teljast máttu mjög hóflegar í öllu tilliti og sanngjarnar. Í lok

ársins 1962 og byrjun þess næsta ríkis mikill órói á íslenskum vinnumarkaði, hjá verkalýðsfélagunum og launþegum hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga; samfelldur og stöðugur vöxtur verðbólgu þrýsti á kröfur um kauphækkunar sem urðu með hverri vikunni og mánuðinum háværingu og kröftugri. Á árunum 1961 og 1962 höfðu almennu stéttarfélagin náð fram launahækkunum, allt að 8-12% og þegar 1963 gekk í garð þótti launþegum hins opinbera komið að sér, þar á meðal



Frétt í Tímanum um fyrsta verkfallið.



Frétt í Morgunblaðinu um fyrstu verkfallsátök blaðamanna.

fréttamönnum á fréttastofu útvarpsins en þeir höfðu ekki fengið kjarabætur sem neinu næmi um lengri tíma. Nú þótti þeim sem tími væri kominn til að ganga til samninga við sig og fá stærri hlut í vexti hinna sameiginlegu þjóðar- tekna síðustu ára. Bandalag þeirra á landsvísi, BSRB, sem annaðist samningamálin gagnvart hinu opinbera, ríki og sveitarfélögum, lagði fram kröfur um verulegar kauphækkunar.

Þessum kröfum var algjörlega hafnað og deilan fór samkvæmt ákvæðum heildarsamkomulagsins til sérstakrar kjaranefndar. Eftir nokkra mánuði eða hinn 1. júlí var kveðinn upp endanlegur og ófrávikjanlegur úrskurður um launabrep og kauphækkunar. Óhætt er að segja að kauphækkunin hafi verið veruleg, einkanlega hjá kennurum, einum stærsta hópnun innan BSRB.

### Krafa um 40% kauphækkun

Blaðamannafélagið hafði aftur á móti haustið 1962 líkt og önnur stéttarfélög lagt fram kröfur um kauphækkunar en að fá þegar í stað 5% kauphækkun en fresta frekari samningsgerð fram yfir 1. júlí þegar úrskurður áður nefndrar kjaranefndar lægi fyrir. Skyldi nýr samningur taka mið af þessum úrskurði.

Útreikningar Blaðamannafélagsins fólu í sér að félagið þurfti að ná fram 30% kauphækkun að meðaltali til að almennir félagar BÍ væru komnir með sambærileg laun og félagar þeirra sem unnu á fréttastofu útvarps og tóku laun samkvæmt úrskurði kjaranefndarinnar. Blaðamannafélagið lagði þar af leiðandi fram kröfur um nokkru meiri kauphækkunar, um 40%, ásamt ýmsum

hlíðarkröfum. Þegar sest var að samningaborðinu gerðist það að útgefendur könnuðust alls ekki við loforðin sem þeir höfðu gefið fáeinum mánuðum áður um að taka mið af úrskurði kjaranefndar hins opinbera og buðu aðeins 4-6% hækkun launa. Þannig var þetta í nokkra daga að hvorki gekk né rak uns ákveðið var af miklum meirihluta félagsmanna - einungis tveir voru á móti - að boða verkfall á blöðunum fimm í Reykjavík með viku fyrirvara eins og kveðið var á um í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur.

Með því kom deilan í fyrsta sinn til kasta ríkissáttasemjara og útgefendur fóru smám saman að koma til móts við kröfur blaðamanna, buðu ekki aðeins 4% heldur 10% í byrjun, því næst 15%, 20% og hækkuðu sig allt í 25%. Á almennum félagsfundi blaðamanna var þó samhljóða samþykkt að standa fast á kröfunni um 30% kauphækkunina en slaka frekar á sérkröfunum. Ákveðið hafði verið að verkfallið skyldi hefjast 1. ágúst og kvöldið áður og um nóttina var haldinn langur samningafundur með útgefendum ásamt sáttasemjara - en án árangurs. Verkfallið

hófst því 1. ágúst og tók gildi strax frá byrjun á öllum ritstjórnunum án undantekninga.

### Verkfallið þörf reynsla

Svo liðu dagarnir einn af öðrum án þess að nokkuð gerðist. Sáttasemjari var með deiluna í sínum höndum svo að segja, allt frumkvæði var hans, svo sem að boða samningafundi og því um líkt. Það gerði hann hins vegar ekki fyrr en tvær vikur voru liðnar. Þá var haldinn fundur með deiluaðilum og á þeim fundi náðust samningar: 29,85% kauphækkun þannig að einungis vantaði 0,15% upp á að blaðamenn næðu markmiðum sínum. Hvað sem því líður var samningurinn samþykktur næstum einróma daginn eftir og vinnan á ritstjórnunum gat hafist á ný.

Verkfallið stóð þannig í tvær vikur, það er að segja í 10 vinnudaga því að sunnudagurinn fyrsti var þá frídagur hjá blöðunum og mánudagur verslunarmannahelgarinnar einnig. Ívar segir í skýrslunni að persónulegt mat hans sé að ríkissáttasemjari hafi átt verulega sök á því að verkfallið stóð svo lengi - hann sé sannfærður um að hægt hafi verið að leysa deiluna fyrr, t.d viku fyrr þegar hún hafði staðið í 4-5 daga.

Ívar segir ennfremur í skýrslunni að fyrir stjórnarmenn í Blaðamannafélagi Íslands hafi verkfallið verið alveg ný og þörf reynsla, og fyrir félagið í heild og félagi þess ótvírátt styrkleikamerki. Þessi reynsla hafi jafnframt fært stjórn félagsins heim sanninn um að nauðsynlegt var að breyta sumum atriðum í samþykktum félagsins til að fyrirbyggja í framtíðinni ýmsa hnökra við áþekkar aðstæður. Meginrök okkar í deilunni við



Frétt í Þjóðviljanum um verkfall blaðamanna 1963.



útgefendur voru að við hefðum dregist aftur úr í launum miðað við félaga okkar á fréttastofu útvarps. Og það var mikill einhugur í mönnum að hvika hvernig frá þessari aðalkröfu.”

Um þetta leyti hafði félagið leigt sér skrifstofu við Vesturgötu. „Ég man það að við verkfallsboðunina og atkvæðagreiðsluna þá vildum við hafa þetta algjörlega pottþétt og löglegt í alla staði. Atkvæðagreiðan átti að standa í sólarhring og við tókum þetta alvarlega, stóðum vaktina allan sólarhringinn, þó að ég muni ekki eftir að nokkur hafi komið á skrifstofuna um nóttina,” segir Ívar.

## Annad verkfallið keimlíkt því fyrsta

Aðdragandinn að öðru verkfalli blaðamanna snemma árs 1978 var um margt keimlíkur því sem var 15 árum áður. Formaður Blaðamannafélagsins á þessum tíma var Magnús Finnsson á Morgunblaðinu og margreyndur í skrifum um verkalyðshreyfinguna og samþök vinnuveitenda. Helsta viðfangsefni stjórnarinnar var einmitt kjaramál. Samningafundur um kaup og kjör blaðamanna gengu lengi vel stíðlega, eins og greinir frá í yfirlýsingu Blaðamannafélagsins 16. febrúar 1978, daginn áður en boðað verkfall átti að taka gildi, eða hinn 17. febrúar.

Blaðamannafélag Íslands segir í yfirlýsingunni að það vilji í tilefni af verkfallsboðuninni taka fram, að komi til verkfalls þessa, þá sé það beint framhald þeirrar kjarabaráttu, sem félagið hóf með uppsögn samninga sumarið áður. Þá hafi 611 félög ASÍ gengið frá samningum, en Blaðamannafélagið aftur á móti gengið frá samkomulagi við viðsemdjendur sína um samræmingu á kjörum fréttamanna ríkisútvarpsins og blaðamanna blaðanna.

Samkomulag þetta var þess efnis, að samræming átti að fara fram á kjörum fréttamanna ríkisútvarps og blaðamanna eftir að Bandalag starfsmanna ríkis og bæja hefði gengið frá kjarasamningi sínum. Skyldi sérstök nefnd, sem fjalla átti um málið, 5 frá hvorum aðila, komast að samhljóða niðurstöðu um samræminguna. Tækist það ekki gerði samkomulagið ráð fyrir að hvor-

um aðila um sig væri heimilt að segja upp samningum. Átti samkomulag að hafa tekist fyrir 20. janúar 1978. Blaða-útgefendur komust hins vegar að þeirri niðurstöðu hinn 19. janúar að algjört samræmi væri orðið þá þegar á kjörum fréttamanna og blaðamanna. Þeir rökstuddu ekki frekar þessa niðurstöðu sína og neituðu fulltrúum blaðamanna um að fá að sjá forsendur þeirra útreikninga sem þarna lægju að baki, svo og sáttasemjara ríkisins, segir í yfirlýsingunni.

## 109.000 kr. á móti 191.000 kr.

Blaðamenn hafi með rökstuðningi sýnt fram á að ekki væri samræmi milli þessara kjarahópa og m.a. bent á að byrjunarlaun í blaðamennsku samkvæmt taxta B.Í. væru nú 109.990 kr. en byrjunarlaun í fréttamennsku hjá Ríkisútvarpinu 190.911 krónur samkvæmt taxta BSRB. Af hálfu blaða-

manna hafi jafnframt verið óskað eftir því margsinnis, að Kjararannsóknarnefnd yrði sem hlutlaus aðili fenginn til að reikna út mismun kjara fréttamanna ríkisfjölmiðlanna og blaðamanna en þeirri málaleitan hafi útgefendur jafnan hafnað. Blaðamannafélagi Íslands hafi því verið nauðugur einn kostur að segja upp samningum sínum og hefja nýja kjarasamningsgerð.

Þrátt fyrir að blaðamenn hafi haft samkomulagið um samræmingu upp á vasann, hafi blaðaútgefendur aðeins boðið 4,3% kauphækkun á alla launataxta félagsins. Það þýddi í raun, að samræmi næðist með þeim hætti, að blaðamaður með 8 ára starfsreynslu, sem annast verkstjórn eða hefur samþæfilega ábyrgð í starfi, fengi laun sem væru 9 krónum hærri en hjá byrjanda í fréttamennsku hjá ríkisfjölmiðunum. Þessu hafi Blaðamannafélag



Frétt í Dagblaðinu ásamt frægri mynd úr verkfalli 1978. Þessi skemmtilega mynd af deiluaðilum sýnir Kristín Finnbogason, framkvæmdastjóri Timans (t.v.) og Braga Guðmundsson sem var ritstjórnarfulltrúi á Vísí. Þess má geta að þessi mynd ásamt mörgum öðrum hangir uppi á vegg í húsakynnum BÍ í Síðumúlanum. Myndina á forsiðunni tók Ragnar Th. Sigurðsson

Íslands að sjálfsögðu ekki geta unað og því stefni þessi kjaradeila í verkfall. Blaðamannafélag Íslands verði 80 ára á árinu, segir ennfremur í yfirlýsingunni, og félagið hafi jafnan stýrt kjarabaráttu sinni á þann veg, að ekki hefur komið til verkfalls — utan einu sinni. Það hafi verið í ágústmánuði 1963. Liðin séu því 15 ár tæplega milli þessa fyrsta og annars verkfalls í sögu félagsins, þ.e.a.s. ef af verkfallinu nú verður. Kjör blaðamanna hafi frá 1. desember 1976 hækkað um 47% á sama tíma og kjör annarra stétta í þjóðfélaginu hafa hækkað um allt að 80%.

Siðan segir í ályktuninni að því miður verði að segjast, að sá lærdómur sem blaðamenn hafa dregið af þessari þróun, sé sá að „kjarabaráttu héraendis er ekki unnt að reka með árangri nema með því að beita verkfallsvopninu. Viðsemjendur Blaðamannafélags Íslands eru nýgengnir í Vinnuveitendasamband Íslands. Ein af grundvallarreglum þeirra samtaka er að greidd skulu sömu laun fyrir samsvarendi vinnu án tillits til þess hjá hverjum hún sé unnin. Blaðamannafélag Íslands væntir þess, að viðsemjendum þess, nýliðunum í Vinnuveit-

endasambandinu, sé ljóst þetta grundvallarsjónarmið þeirra samtaka, sem þeir hafa gerzt félagar í. Þá mun þessi kjaradeila þeirra við blaðamenn hljóta farsælar lyktir.”

Komið er inn á þessi átök í kjaramálum blaðamanna í aðalfundargerð félagsins frá 29. júní 1978 en þar segir að stjórn Blaðamannafélagsins og launamálanefnd þess hafi talið að áður nefnd samræming væri einfalt reikningsdæmi en engu að síður lagt mikla vinnu í undirbúning málsins. Gerður hafi verið nákvæmur útreikningur á kjörum þessara tveggja hópa, þ.e. blaðamanna og féttamanna útvarps. Stjórnin hafi ennfremur fengið gögn, sem ríkisskipuð nefnd hafði safnað um mismun á kjörum fréttamanna héraendis og fréttamanna á Norðurlöndum. Öll þessi vinna hafi þó verið unnin fyrir gýg þar sem útgefendur hafi gert ágreining í málinu – komist að þeirri niðurstöðu að samræmi væri þegar á launum fréttamanna ríkisútvarps og blaðamanna. Félaginu hafi því verið nauðugur einn kostur að segja upp samningum, svo sem það hafði heimild til í samkomulaginu frá 28. júní 1977.

## Erfiðasta tímabil í samningssögunni

„Upphófst nú eitthvert erfiðasta tímabil í samningssögu félagsins, sem var að ná samningum um þegar umsaminn hlut sem brotinn hafði verið. Eins og kunnugt er leiddi þessi deila til verkfalls Blaðamannafélags Íslands, hins annars í röðinni frá því er það var stofnað fyrir 80 árum. Verkfallið skall á 17. febrúar og stóð í eina viku, eða þar til samningar náðust og voru undirritaðir undir morgun hinn 24. febrúar. Voru þá allir sammála, blaðamenn og útgefendur, um að náðst hefði samræming á kjörum fréttamanna ríkisfjölmiðlanna og blaðamanna á blöðunum og í ljósi þeirrar staðreyndar varð niðurstaðan í 10-manna nefndinni, sem áður er getið, enn furðulegri, því samkvæmt henni hefði ekkert átt að miða í seinni lotu samninganna, þótt raunin hefði orðið veruleg kjarabót, a.m.k. fyrir þá blaðamenn sem yngri eru að starfsárum,“ segir í aðalfundargerðinni frá árinu 1978.



## MÁL FARS HORN

### Samræmi

**Samræmi verður að vera:**

Milli framlags og sagnar

- Maðurinn sem kom í gær sagði ...
- Tuttugu og einn maður fórst ...
- Þúsundir manna slösuðust ...

Milli nafnorðs og fornafnsins sem vísar til þess:

- Krakkarnir komu snemma heim, þeir sögðust ...

### Sagnir/tíðir

Sagnir innan setningar/málsgreinar skulu vera í sömu tíð. Ekki byrja á nútíð og fara svo í þátíð eða öfugt.

**Gleymið ekki samsettu tíðunum:**

- Halldór sagði (þt.) að kraftar hennar myndu (vth. þt.) nýtast
- \*Halldór sagði (þt.) að kraftar hennar muni (vth. nt.) nýtast

(Ath. Stjórnumerka setningin er ótæk)

### Sagnir/hættir

- Boðháttur nefnist það form sagnar sem notað er til að gefa skipanir eða fyrir máli.
- Boðháttur í 2. p.et. er stofn sagnarinnar án nokkurrar endingar:
  - **Farðu** heim – **Far** þú heim
  - **Veldu** þennan – **Vel** þú þennan
  - **Sæktu** lækinn – **Sæk** þú lækinn
- Í endursögn skal nota viðtengingarhátt:
  - Forseti segir að það **sé** ...
  - Sakborningarnir sögðu að það **væri** ...
  - \*Ráðherra segir að það er ...

(Ath. Stjórnumerka setningin er ótæk)

- Viðtengingarhátt á að nota þegar um er að ræða samtengingarnar: „þó að“, „þótt“, „enda þótt“, „til að“ og „til þess að“:

- Hann fór **þó að** hann **væri** ekki búinn
- Hún beið **til þess að** hann **kæmist** með

- Samtengingin „að“ tekur ýmist framsöguhátt eða viðtengingarhátt eftir merkingu
- Framsöguháttur fylgir fullyrðingu
- Viðtengingarháttur fylgir ósk eða efa
  - Ég **veit**, að svo **fer** (fullyrðing)
  - Ég **hugsa**, að svo **fari** (vafi/óskhyggja)
- Í spurnarsetningum er framsöguháttur:
  - Geturðu sagt mér hvað klukkan **er**?
  - Þú sagðir mér ekki hvað klukkan **var** orðin margt!
  - Viltu athuga hvort nemendurnir **eru** mættir?
  - Óvíst er hvort nokkuð **verður** úr framkvæmdunum

# Áskorunum mætt í gjörbreyttu fjölmiðlaumhverfi



Eftir  
Birgi Guðmundsson

**- Anna Careborg, aðalritstjóri Svenska Dagbladet, segir að virða verði tíma lesenda**



*Anna Careborg, aðalritstjóri Svenska Dagbladet, segir áskoranir sem blaðið standi frammi fyrir gríðarlegar.*

Stjórnendur blaðsins og samsteyppunnar sem það er hluti af séu mjög meðvitaðir um að grípa þurfi til markvissra aðgerða til að komast í gegnum þá brimskafla sem skella á hefðbundinni fjölmiðlun. Fulltrúi Blaðamannsins ásamt nokkrum norrænum fræðis- og áhugamönnum um fjölmiðla hittu Careborg í höfuðstöðvum blaðsins í Stokkhólmi á dögunum.

Careborg segir vandann vera tvíþættan og sé blaðið með stuðningi fjölmiðlasamsteyppunnar Schibsted sem það tilheyrir, að vinna að mótvægis- aðgerðum á báðum vígstöðvum. Schibsted er einn af fjölmiðlariðunum í Skandinavíu með fjölmiðlarekstur í nokkrum löndum, en Careborg bendir á í því sambandi að samsteypan sé ekki hagnaðardrífín í sama skilningi og t.d. hlutafélög, heldur eigi sjálfseignarstofnun fyrirtækið og í stofnskrá hennar komi m.a. fram það markmið að hún eigi að stuðla að vandaðri fjölmiðlun.

Þær tvíþættu áskoranir sem Careborg vísar til eru annars vegar minnkandi auglýsingatekjur fyrir hefðbundna miðla og slagurinn um þær við alþjóðleg miðlunarfyrirtæki s.s. Google, Facebook og You Tube og svo hins vegar breytt hegðun neytenda eða almennings. Hún bendir á að þessi atriði séu vissulega tengd, enda snúist

*Anna Careborg, aðalritstjóri Svenska Dagbladet, segir að áherslan sé síður en svo ein-göngu á að auka rafrænar áskriftir því mjög stór hópur lesenda vilji fá prentgripinn og lesa blaðið á því formi.*

*Mynd: BG*





stóra spurningin á tímum ofgnóttar upplýsinga fyrst og fremst um tíma lesenda.

## Umfangsmikil stefnumótun

Hún segir að Svenska Dagbladet hafi farið í umfangsmikla vinnu til að skilgreina og kortleggja stöðuna og finna hugsanlegar leiðir til þróa starfsemina í framtíðinni. Í þeirri stefnumótunarvinnu hafi m.a. verið gerð viðamikil viðtalskönnun (1.363 viðtöl) meðal lesenda blaðsins þar sem meðal annars var reynt að finna út hverju menn búast við af útgáfunni og hvernig þeir vildu hafa hana. Með þær upplýsingar í farteskinu hafi síðan farið fram innri vinna sem hafi leitt til ákveðinnar sýnar um hvert skyldi stefna. Meginatriðið í því var að útgáfan þyrfti að keppa í gæðum við aðra miðla og miðlunarform með áherslu á rannsóknarblaðamennsku og ótvírætt sjálfstæði blaðamanna og blaðamennsku. Hún bendir á að sá markhópur sem á annað borð lesi eða sé líklegur til að lesa blaðið, þ.e. fólk sem hefur áhuga á staðreyndri upplýsingu, sé aðeins hluti af heildarmengi fjölmiðlaneyslu í Svíþjóð og mikilvægt að muna að hugsa fyrst og fremst um þennan markhóp. Þetta sé vissulega fjölbreyttur og breiður hópur og taka þurfi tillit til þess.

## Vöruheimsending með blaðinu

Auk áherslu á sjálfstæði og gæði segir Careborg að jafnframt þurfi að leggja áherslu á fleiri þætti, einkum tengsl og samskipti blaðsins (útgáfunnar) við lesendur. Áherslur af þessu tagi eru dýrar og auk þess þolinmæðisverk og í því sambandi segir hún að það sé mikill styrkur að hafa fjárhagslega öflugan bakhjarl eins og Schipsted. Hún bendir á að með nýjum áherslum hafi rafrænar áskriftir aukist mjög

hratt og heildaráskriftir að blaðinu hafi aukist síðustu misseri mun hraðar en menn höfðu gert ráð fyrir í rekstraráætlunum. Hins vegar, segir Careborg, er áherslan síður en svo ein-göngu á að auka rafrænar áskriftir því mjög stór hópur lesenda vilji fá prentgripinn og lesa blaðið á því formi. Varðandi prentútgáfu þá segir hún engin áform uppi um að skera hana niður. Þvert á móti séu í gangi ýmsar hugmyndir og tilraunir til að endurvekja hefðina um prentað blað sem borið sé út í hús. Í því samhengi nefnir hún tilraun sem snertir dreifingu blaðanna, og felst í því að tengja saman vöruafhendingu t.d. vegna kaupa á netinu og afhendingu blaðs. Þannig að hafi viðkomandi t.d. keypt sér bók eða fatnað á netinu sé hægt að fá það afhent með blaðinu.

## Almenn viðmið

Anna Careborg segir að niðurstaðan úr stefnumótunarvinnunni hafi meðal annars skilað 10 viðmiðum eða eins konar boðorðum sem sífellt séu höfð til viðmiðunar í starfsemi jafnt á ritstjórn sem öðrum deildum blaðsins. Í lauslegri endursögn eru þessi tíu viðmið eftirfarandi:

- 1) hafa kastljósið alltaf á lesendum
- 2) reyna að skipta alltaf máli
- 3) við erum að tala við einstaklinga
- 4) bera virðingu fyrir lesendum
- 5) sýna alltaf sem flest sjónarmið og hliðar á málum
- 6) muna að tími lesandans er mikilvægur
- 7) við skilum gæðum
- 8) við erum gegnsæ
- 9) við vinnum saman
- 10) við þróumst og bryddum upp á nýjungum.

### Færri fréttir en markvissari og dýpri

Þó þessi viðmið kunni að hljóma almenn þá hafa þau skilað hugarfari og áherslum sem eru að bera árangur. Careborg



nefnir t.d. aðgerð, sem mælingar sýni að hafi mælst vel fyrir, en það er útgáfa svokallaðs „morgunpósts“ sem lesendur geta fengið sendan í tölvupósti með yfirliti yfir helstu mál dagsins (sambærilegt við það sem Kjarninn er að gera á Íslandi). Eins hafa þessar áherslur leitt til þess að reynt er að gera blaðamenskuna markvissari og sníða hana meira að því sem lesendur segjast vilja. Þetta felur í sér að skilgreindir eru fjórir megin efnisflokkar: Í fyrsta lagi eitthvað sem kalla má stóru myndina, upplýsingar sem eru á landsvísu og heimsvísu; í öðru lagi upplýsingar sem snerta daglegt líf; í þriðja lagi atriði sem snerta sérstök áhugamál einstaklinga og fjórða lagi eru það fréttir. Fréttastefnan miðast þá við að velja úr það sem skiptir mestu máli fyrir lesendahópinn og ekki endilega miðað við að hafa fréttirnar mjög margar en hafa þær frekar á dýptina.

Þessar áherslubreytingar og nýsköpunarhugarfar segir Anna Careborg vera að skila blaðinu áfram í því umbreytingarferli sem segja má að hefðbundinir miðlar standi frammi fyrir um þessar mundir.

### Öryggi blaðamanna

Mikil öryggisgæsla vakti athygli fulltrúa Blaðamannsins þegar komið var inn á ritstjórnarskrifstofur Svenska Dagbladet. Spurð um hótanir og ógnanir við blaðamenn í Svíþjóð segir Careborg það raunverulegt vandamál. Alls kyns hótanir og ógnandi hegðun gagnvart blaðamönnum hafi fæst í aukana, ekki síst í gegnum netið og á samfélagsmiðlum. Hún telur það þó ekki hafa áhrif á blaðamenskuna hjá Svenska Dagbladet enda hafi fyrirtækið fjárfest verulega í öryggismálum. Sjálf segir hún að hún njóti sérstakrar verndar öryggisvarða en það eigi hins vegar ekki við um almenna blaðamenn, og það séu raunar oftast þeir sem er ógnað. Vissulega sé oft langt milli orða og æðis þegar um hótanir er að ræða, en þetta skapi ótta og óviðunandi starfsaðstæður.

## Blaðamannaklúbburinn – góður staður til funda- eða veisluhalds



Salur Blaðamannafélags Íslands, **Blaðamannaklúbburinn**, er glæsilegur nýinnréttaður salur sem hentar vel til hvers kyns funda- eða veisluhalds. Salurinn rúmar allt að 100 manns í sætum við borð og hægt er að skipta salnum í tvennt ef um minni viðburði er að ræða. Glæsilegt þjónustuhús með öllu tilheyrandi fylgir salnum sem og snyrtiaðstaða.

Salurinn er á 3. hæð í Síðumúla 23 og í húsinu er lyfta.

Salurinn stendur félögum í Blaðamannafélaginu til boða gegn vægu gjaldi, en aðrir geta jafnframt tekið hann á leigu.

Upplýsingar eru veittar á skrifstofu félagsins að Síðumúla 23 og í sínum 553 9155 og 568 3155.

## Pekktu rétt þinn!

**Grunnurinn.** Kjarasamningar BÍ eru grunnurinn að því sem greiða ber fyrir vinnu blaða- og fréttamanna á fjölmiðlum á Íslandi. Það þýðir að óheimilt er samkvæmt lögum að greiða minna en þeir kveða á um. Engin takmörk er á því hversu mikið meira má greiða.

**Vinnutími.** Vikulegur dagvinnutími blaða- og fréttamanna er 35-40 stundir. Vinnutíminn er styttri á vaktavinnudeildum en á dagvinnudeildum. Vinna umfram það er ávallt yfirvinna og ber að greiða sérstaklega fyrir hana.

**Yfirvinna.** Greitt er fyrir yfirvinnu með 1,0385% af dagvinnulaunum. Það þýðir til dæmis að yfirvinnutíminn kostar 3.635 kr. fyrir þann sem er á 350 þús. kr. taxtalaunum. Tíu yfirvinnutímar á viku eða 40 í mánuði kosta þar með 145.400 kr. í vinnulaunum. Lágmarkslaun í því tilviki eru því 495.400 kr.

**Hámarksvinnutími.** Ekki er heimilt að vinna meira en 48 klukkustundir á viku að meðaltali á hverju fjögurra mánaða tímabili.

**Rauðir dagar.** Almennir frídagar á ári eru átta: Skírdagur, annar í páskum, sumardagurinn fyrsti, 1. maí, uppstingningardagur, annar í hvítasunnu, frídagur verslunarmanna og annar í jólum. Vinna á þessum dögum er aukavinna og ekki greitt fyrir færri en fjóra tíma. Ef um vaktavinnu er að ræða kemur frídagur fyrir vinnu á þessum degi.

**Stórhátíðardagar.** Stórhátíðardagar á ári eru einnig átta: Nýársdagur, föstudagurinn langi, páskadagur, hvítasunnudagur, 17. júní, aðfangadagur jóla, jóladagur og gamlársgangur. Tvöföld yfirvinna er greidd á þessum dögum, ekki minna en átta tímar vegna fólks í dagvinnu. Vaktavinnuáður fær frídag og yfirvinnu.

**Fastlaunasamningar.** Mjög hefur færst í vöxt að samið sé um ein laun fyrir starfið. Slíkir launasamningar hafa kallast fastlaunasamningar Hagkvæmni slíkra samninga fer algerlega eftir því hversu mikla yfirvinnu starfið innifelur. Það þýðir að þú þarft að fylgjast vel með yfirvinnutímum, svo laun verði ekki undir kjarasamningum.

**Ekki vinna ókeypis. Það er bannað samkvæmt lögum og kjarasamningum.** Engum er skylt að vera á fastlaunasamningi og allir geta gert kröfu til að vinna samkvæmt kjarasamningnum og fá greitt fyrir yfirvinnu.

**Fastráðning.** Blaðamenn eru fastráðnir eftir fjóra mánuði, óháð því hvort gerður er ráðningarsamningur eða ekki. Ef blaðamaður er fastráðinn strax frá byrjun eða áður en fjögurra mánaða starfstíma er náð er nauðsynlegt að það sé staðfest með sannanlegum hætti. Uppsagnarfrestur fastráðins blaðamanns er að lágmarki þrjú mánuðir, en uppsagnarfrestur á reynslutíma er ein vika.

**Endurgreiddur kostnaður.** Blaða- og fréttamenn fá endurgreiddan kostnað vegna starfs síns frá atvinnurekendum. Endurgreiddar eru áskriftir dagblaða, tímarita og ljósvakamiðla, samtals kr. 10.500 á mánuði, símakostnaður 8.500 kr. á mánuði og nettenging og kostnaður vegna hennar samtals kr. 4.000. Samtals gera þetta 23.000 kr. en útgefandi getur látið einhver ofangreindra atriða í té á eigin kostnað og fellur þá kostnaðargreiðsla vegna þess niður.

**Fyrirframgreidd laun.** Blaðamenn eiga að fá fyrirframgreidd laun við fastráðningu.

**Höfundarréttur.** Blaðamenn eiga óskoraðan höfundarrétt að verkum sínum. Sérstakir höfundarréttarsamningar hafa verið gerðir á mörgum ritstjórnunum, sem tryggja greiðslur fyrir framsal á höfundarrétti.

**Orlof.** Fyrir fjögur ár í starfi eiga blaðamenn 24 daga í sumarorlof á ári. Eftir fjögur ár fjölga dögum í 27 jafnframt því sem heimilt er að geyma 5 daga og taka 10 að vetri, samanlagt 32 dagar í sumar- og vetrarorlof. Dögum fjölga í 29 (34) eftir 10 ár og 30 (35) eftir 18 ár.

**3ja mánaða frí.** Allir blaðamenn eiga rétt á 3ja mánaða leyfi að meðtöldu sumarleyfi eftir 5 ár í starfi og aftur eftir 10 ár og síðan á fjögurra ára fresti upp frá því.

**Veikindaréttur.** Veikindaréttur fastráðins blaðamanns er að lágmarki þrjú mánuðir á fullum launum og þrjú mánuðir á hálfum laun-

um. Styrktarsjóður BÍ greiðir sjúkradagpeninga þar til viðbótar í allt að eitt ár.

**Tryggingar.** Allir blaðamenn eru slysa- og líftryggðir í vinnu og í frítíma. Atvinnurekanda ber að sjá til þess. Tryggingabætur vegna andláts fara eftir fjölskylduáðstæðum og geta numið 6-12 milljónum þegar um fjölskyldumann er að ræða með börn.

**Lífeyrisdögjöld.** Blaða- og fréttamenn greiða til Lífeyrissjóðs verslunarmanna 4% af heildarlaunum. Til viðbótar greiðir atvinnurekandi 11,5% af heildarlaunum, þannig að samanlagt lífeyrissjóðsframlag er 15,5%.\*

**Séreignasjóður.** Blaða- og fréttmenn geta greitt allt að 4% af heildarlaunum í séreignasjóð án þess að af því sé tekinn skattur. Atvinnurekandi greiðir 2% mótframlag gegn að lágmarki 2% framlagi launamanns.

\*Gildir frá 1. júlí 2018.

## Hvað gerir félagið?

**Hagsmunagæsla.** Blaðamannafélag Íslands stendur vörð um stéttarlega og faglega hagsmuni blaðamanna í víðu samhengi og kemur fram fyrir hönd stéttarinnar gagnvart löggjafar- og framkvæmdavaldi.

**Fjölmiðlun.** BÍ er með vefinn [press.is](http://press.is) og gefur út Blaðamanninn 1-2 sinnum á ári. Birgir Guðmundsson [birgir@unak.is](mailto:birgir@unak.is) er ritstjóri vefsins og Blaðamannsins.

**Fagleg umræða.** BÍ heldur svonefnd pressukvöld öðru hverju þar sem fagleg málefni, sem efst eru á baugi hverju sinni, eru rædd ítarlega.

**Lögfræðipjónusta.** Lögfræðistofan LAG-lögmenn vinnur fyrir Blaðamannafélag Íslands og félaga þess þegar lögmennspjónustu er þörf.

**Orlofshús.** Félagið á tvö sumarhús í Brekku í Biskupstungum, raðhús á Akureyri og einbýlishús í Stykkishólmi, sem eru til afnota fyrir félagsmenn.

**Endurmenntun.** Á vegum BÍ er rekinn endurmenntunar- og háskólasjóður, sem allir fullgildir félagsmenn geta leitað til um styrkveitingar til að sækja hvers kyns nám og námskeið hér á landi og erlendis í lengri og skemmri tíma.

**Rannsókn- og verkefnastyrkir.** Hægt er að sækja um sérstaka rannsókn- og verkefnastyrki þegar um er að ræða útgjalda- og/ eða tímafreka rannsóknvinnu.

**Styrktarsjóður.** Styrktarsjóður greiðir niður kostnað vegna sjúkraþjálfunar, gleraugna, laseraðgerða, hjartaverndar, krabbameinskoðunar, sálfræðipjónustu, tannlækna, tæknifrjögungar o.fl. Hann greiðir einnig fæðingarstyrki í hlutfalli við lengd fæðingarorlofs og ættleiðingarstyrki.

**Alvarleg veikindi.** Styrktarsjóður tryggir laun í allt að eitt ár að frádregnum veikindarétti samkvæmt kjarasamningum í alvarlegum slysa- og veikindatilfellum. Þá er hægt að sækja um styrki til sjóðsins þegar um mikil útgjöld vegna heilbrigðisþjónustu er að ræða.

**Menningsrannsóðsstyrkir.** Menningarsjóður BÍ veitir styrki þegar fullgildir félagsmenn eiga rétt á að fara í þriggja mánaða leyfi.

**Síðanefnd.** Á vegum BÍ starfar síðanefnd sem almenningur getur leitað til telji hann á sig hallað í fjölmiðlum.

**Alþjóðlegt samstarf.** BÍ er aðili að Alþjóðasambandi blaðamanna, Evrópusambandi blaðamanna og Samtökum norrænna blaðamannafélaga.

**Skrifstofa BÍ.** Skrifstofa BÍ er að Síðumúla 23, 108 Reykjavík og er opin daglega milli 9 og 16. Þar starfa Hjálmar Jónsson, formaður/framkvæmdastjóri, [hjalmar@press.is](mailto:hjalmar@press.is) og Jóna Th. Viðarsdóttir, skrifstofustjóri, [jona@press.is](mailto:jona@press.is). Sími á skrifstofu er 553 9155. Farsími formanns er 897 4098.

Mars 2020.

# Hvað er ekki hægt að kenna í blaðamenskunámi?



Jóhannes Kr.  
Kristjánsson  
skrifar

„Hvar er fréttin? Þú verður að koma fréttapunktinum fremst í innganginn! Komdu hérna drengur!“; hrópaði Þór Jónsson, varafréttastjóri Stöðvar 2, þar sem hann sat á háborðinu á fréttastofu Stöðvar 2 á Lynghálslí fyrir tæpum 16 árum.

Þetta var fyrsta eða önnur fréttavaktin mín og mér var flökurt af stressi. Á næstu fréttavöktum hrópaði hann nokkrum sinnum á mig og kenndi mér alltaf eitthvað nýtt í hvert skipti – og þegar Þór sá að ég var farinn að ná tökum á því að skrifa sterka innganga – þá hrósaði hann mér. Í stressi lærir maður ótrúlega mikið og hlutirnir límast inni heilann á manni og hrós hvetur mann áfram.

Á Íslandi er boðið upp á háskólanám í blaðamenskun við háskólann á Akureyri og meistaranám við Háskóla Íslands. Nemendur úr báðum skólum sem ég hef rætt við eru ánægðir með námið og segja að það undirbúi þá vel fyrir blaðamannastarfið. Ég er ekki með háskólapróf og hvað þá útskrifaður úr meistaranámi í blaðamenskun. Ég hef einlægán áhuga á blaðamenskun og á orðið myndarlegt safn bóka um blaðamenskun og hef lært mikið af að grúska í þeim (ég hef lánað fjölmargar bækur til fyrrum samstarfsmanna og ekki fengið þær til baka – minni á að skila þeim). Fróðleikur úr bókum nýttist manni ágætlega, en það er reynslan í vinnunni sjálfri og reynslumiklir yfirmenn sem kenna manni mest.

## Fjörtíu og fimm ára reynsla

Nils Hanson, fyrrum ritstjóri fréttaskýringaþáttarins Uppdrag Granskning á SVT sjónvarpsstöðinni í Svíþjóð, hefur starfað við blaðamenskun í 45 ár. Hann var á meðal þeirra fyrstu sem stunduðu rannsóknarblaðamenskun í Svíþjóð og hefur allar götur síðan miðlað reynslu sinni og kunnáttu meðal samstarfsmanna, með fyrirlesturum í háskólum og á ráðstefnum víða um heim. Samstarfsmenn hans hjá Uppdrag Granskning lýsa honum sem uppflöttiorðabók þegar kemur að álitamálum og siðferðisspurningum í blaðamenskun.

Nils segir að það sé alls ekki svo að hægt sé að kenna blaðamönnum

allt í háskólum – sama hversu góðir skólarnir séu. Það sé reynslan sem geri blaðamenn góða. „Sem blaðamaður öðlastu reynslu með því að gera sömu hlutina aftur og aftur. Blaðamenn gera mistök og þótt það sé bagalegt fyrir blaðamann að gera mistök þá er mikilvægast fyrir hann að læra af þeim,“ segir Nils og bætir við. „Mín reynsla er sú að blaðamenn gera sömu mistökina ekki aftur.“

## Alltaf að læra

Nils er 67 ára og hefur starfað við blaðamenskun í 45 ár. Þrátt fyrir langan starfsaldur segist hann enn



Nils Hanson, fyrrum ritstjóri fréttaskýringaþáttarins Uppdrag Granskning, hóf sinn feril sem blaðamaður fyrir 45 árum.

vera að læra. „Einn daginn stend ég frammi fyrir nýrri áskorun og þarf að finna leiðir til úrlausnar og nýti mér þá reynsluna til þess og vona að mér tækist vel til. Og það er einmitt þetta sem er svo gaman í mínu starfi – þú veist aldrei hvaða verkefni bíða þín á morgun,“ segir Nils en hann gaf út bók um rannsóknarblaðamennsku árið 2009 sem heitir „Grävande journalistik“.

## Símtöl á kvöldin

Það getur verið mjög stressandi fyrir ungan blaðamann að koma algjörlega blautur á bakvið eyrun til starfa inná ritstjórn fjölmiðils. Nils segir að hann hafi stundum verið of fljótur að dæma unga blaðamenn sem eru að stíga sín fyrstu skref í blaðamennsku. „Fyrir mér er hungur í stórar fréttir, forvitni og staðfesta þeir kostir sem einkenna góða blaðamenn og stundum hef ég afskrifað ungan blaðamann sem sýnir ekki þessa eiginleika frá byrjun. En ég hef svo sannarlega ekki alltaf rétt fyrir mér því stundum koma þessir eiginleikar í ljós síðar og það hefur komið mér á óvart að sjá hvernig blaðamaður sem ég hef haft litla trú á, þroskast og verður frábær í sínu starfi,“ segir Nils og finnst mjög mikilvægt að styðja vel við bakið á ungum blaðamönnum inná ritstjórninni. „Þú verður að gefa þeim tækifæri til að þroskast í starfi og þá fyrst sérðu hvort þeir hafa það sem til þarf til að verða góðir blaðamenn. Margir gefast fljótt upp því oft getur starfið tekið sinn toll og þeir sem ná lengst vinna að rannsóknum mála í frítíma sínum og taka símtöl á kvöldin.“

## Byrja strax að finna mál

Ráðin sem Nils gefur ungum blaðamönnum eru þessi; „Þeir verða að átta sig á mikilvægi þess að læra af öðrum og spyrja þá sem reynsluna hafa – ekki hræðast að spyrja því reynsluboltarnir hafa yfirleitt mjög gaman af því að segja frá stóru fréttunum sem þeir unnu að og komu út. Það er líka mikilvægt að fara á ráðstefnur eins og þessa þar sem hægt er að velja úr fjölda frábærra fyrirlestra um það besta sem er að gerast

## Hægt að kenna ákveðið handverk í blaðamennsku

*Þór Jónsson starfaði í tæp 15 ár á fréttastofu Stöðvar 2 en hann útskrifaðist úr Blaðamannaháskólanum í Stokkhólmi árið 1991. Hann starfar nú sem sviðsstjóri á skrifstofu Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar í Kaupmannahöfn.*

Ég leiðbeindi mörgum ungum blaðamönnum um fréttaskrif, fékk oft það hlutverk sem vaktstjóri og aðstoðarfréttastjóri, og vildi t.d. að hægt væri að rökstyðja hvers vegna þetta eða hitt sjónarhornið fengi vægi en önnur hugsanlega síður eða ekki. Hægt er að kenna blaða- og fréttamönnum ákveðið handverk, listmálarar læra líka handverk, en svo er það misjafnt, m.a. eftir efni, andríki og smekk, hvernig þeir fylla út í hið auða rými. Álag og tímaskortur er daglegt brauð á fjölmiðlum og óvinur vandaðrar fréttar- og blaðamennsku. Þá er gott að hafa vissar grundvallarreglur á hreinu um markmið og framsetningu og uppbyggingu o.fl., einnig um tjáningarfrelsi og takmörk þess.

Ýmsir gáfu mér góð ráð í upphafi blaðamannaferils míns sem spannaði rúm 20 ár, fleiri en ég get nefnt, og ég reyndi að taka mér þá til fyrirmyndar. Svo hafði ég sjálf gert lærdómsrík mistök og reyndi að miðla þeim lærdómi til grænjaxla svo að þeim þyrfti ekki að verða hið sama á. Þú spyrð hversu miklu máli það skipti á ritstjórn eða fréttastofu að gömlu refirnir bendi og kenni nýgræðingum. Ég held að það skipti öllu máli, ekki síst ef þeir hafa enga menntun heldur í fréttaflutningi og fjölmiðlun, og þá ekki bara fyrir viðkomandi fréttar- og blaðamenn heldur fyrir fjölmiðilinn í heild. Innstæða hans er trúverðugleiki og áföll hafa áhrif á orðspor hans og þar með alla sem þar starfa.



Þór Jónsson starfaði á fréttastofu Stöðvar 2 í tæp 15 ár.

## Óendanleg forvitni og að gefast ekki upp

*Giannina Segnini stjórnar gagnablaðamenskudeild í blaðamannadeild Columbia háskólans í New York en hún hefur unnið mikið með ICIJ við að finna leiðir til að vinna úr stórum gagnapökkum. Árið 1994 kom hún á fót gagnarannsóknarteymi á dagblaðinu La Nación í Costa Rica þar sem hún starfaði til ársins 2014.*

Þegar þú hittir nemanda sem er að hefja nám í blaðamennsku – geturðu spáð fyrir um það hvort viðkomandi verði góður blaðamaður að námi loknu?

Í flestum tilvikum get ég það – ekki það að ég hafi einhverja spádómsgáfu en ég get metið það út frá tveimur atriðum; að viðkomandi sé óendanlega forvitinn og gefist aldrei upp.



Giannina stýrir námi í gagnablaðamennsku við blaðamannadeild Columbia háskólans í New York.

*Hvað er ekki hægt að kenna í blaðamannaháskólam?*

Gagnrýna hugsun sem tengir saman alla fleti málsins. Það er hægt að hvetja nemendur til að nota gagnrýna hugsun og bæta hæfni þeirra með verkefnum, en ég hef séð nemendur sem eru með innbyggða gagnrýna hugsun og með góðri þjálfun verða þeir oft bestu blaðamennirnir.

*Hversu mikilvægt er það fyrir ungan nýútskrifaðan blaðamann að fá þjálfun frá reynslumiklum blaðamönnum?*

Það er mjög mikilvægt. Sérstaklega fyrstu árin í starfi blaðamannsins.

í rannsóknarblaðamennsku,“ segir Nils en hann hefur á síðustu 15 árum haldið fyrirlestra um rannsóknarblaðamennsku um allan heim. „Ungir blaðamenn eiga svo auðvitað að byrja strax á því að finna sterk mál og rannsaka þau ofan í kjölinn, leita sér ráða hjá reynslumiklu blaðamönnum og koma fyrstu stóru fréttinni út.“

## Kostur að bera ekki of mikla virðingu fyrir yfirvöldum

Drew Sullivan er ritstjóri og einn af stofnendum Organised Crime and Corruption Project (OCCRP) sem eru regnhlífarsamtök 40 miðstöðva um rannsóknarblaðamennsku um allan heim. Blaðamenn OCCRP starfa aðallega í löndum þar sem spilling er mikil og oft talið hættulegt fyrir blaðamenn að starfa. Þeir verða oft fyrir hótunum frá glæpahópum og samtökin þurfa því að horfa til ýmissa þátta þegar þeir ráða blaðamenn til starfa.

## Góður blaðamaður hrífst ekki af valdamiklu fólki

Drew segist telja að bestu rannsóknarblaðamennirnir séu fæddir með þá eiginleika sem nauðsynlegir eru fyrir starfið. Hann segir að það sé ekki hægt að kenna fólki sterka réttlætiskennnd. Þú fæðist með sterka réttlætiskennnd eða verður fyrir áföllum í lífinu sem kveikja sterka réttlætiskennnd. „Það upplifði einhvern atburð



Drew Sullivan er ritstjóri og einn af stofnendum Organised Crime and Corruption Project.



Tryggvi við inngang New York Times en hann var einn fárra sem var valinn úr stórum hópi umsækjenda í starfsnám hjá blaðinu.

Ljósmynd/Úr einkasafni.

## Lærði mikið í starfsnámi hjá New York Times

Tryggvi Aðalbjörnsson er einn fárra Íslendinga sem hefur starfað á stórblaðinu New York Times, en hann var þar í starfsnámi sumarið 2018. Tryggvi nam handritagerð við kvikmyndaskóla í Los Angeles og eftir námið starfaði hann sem fréttamaður á RÚV um fimm ára skeið. Haustið 2017 fór hann í meistaranám í blaðamennsku við Columbia háskólann í New York og valdi námsbraut fyrir blaðamenn sem vilja sérhæfa sig í að fjalla um vísindi og umhverfismál. Eftir útskrift komst hann í starfsnámið hjá New York Times.

*Hvernig var fyrirkomulagið á starfsnáminu hjá NYT?*

Það fólst að mestu í því að skrifa fréttir, bæði stuttar og langar. Við fengum líka ýmsa mjög gagnlega fyrirlestra frá reynsluboltum blaðsins og forúm í vettvangsferð um prentsmiðjuna og fleira. Þar að auki var þaulreyndur blaðamaður, Michael Winerip, fenginn til að þjálfa okkur í fréttaskrifum, og við gátum leitað til hans allt sumarið.

*Var eitthvað sem kom þér á óvart?*

Það sem ég hafði ekki áttað mig almennilega á áður en ég byrjaði var hversu mikil vinna er lögð í að ritstýra hverri og einni frétt. Þarna vinnur fjöldinn allur af mjög færum undirritstjórum (editors) sem sjá ekki aðeins um að stýra vinnslu og efnistöfum, heldur er líka lögð mikil vinna í að endurvinna og betrubæta texta blaðamannsins. Þetta gerir fréttirnar auðvitað mun betri en ella, en krefst líka mikils mannafla.

*Fólkið sem þú vannst með – var það að miðla reynslu sinni til þín og leiðbeina þér?*

Já, það vildu eiginlega allir allt fyrir mann gera. Bæði var mjög auðsött að fá ráð hjá blaðamönnum og ritstjórum, og svo fékk ég að vinna með rannsóknarblaðamanninum Hiroko Tabuchi að umfangsmikilli umfjöllun um bakgrunn nýskipaðs yfirmanns hjá bandarísku umhverfisverndarstofnuninni, EPA. Það var sérstaklega lærdómsríkt.

*Var það mikilvægt fyrir þig að fara í starfsnámið?*

Já, mjög. Ég hafði unnið hjá Ríkisútvarpinu í rúmlega fimm ár áður en ég fór í nám, en þetta var alveg ný og geysilega mikilvæg reynsla.

*Ættu íslenskir fjölmiðlar að leggja meiri áherslu á starfsnám?*

Ég held að það gæti verið mjög gagnlegt fyrir nema í blaðamennsku, enda fann maður að það er aldrei eins að vinna í því umhverfi sem skólinn býður upp á og að þurfa að standa sig á ritstjórn.

sem varð til þess að viðkomandi mun til æviloka berjast fyrir því að réttlæti nái fram að ganga," segir Drew og bætir við að það sé kostur hjá blaðamanni að bera ekki of mikla virðingu fyrir yfirvöldum. „Góður rannsóknarblaðamaður hrífst ekki af valdamiklu eða efnuðu fólki.“

## Heilinn stanslaust í vinnu

Práhyggja er mikilvæg hjá blaðamönnum segir Drew. „Bestu rannsóknarblaðamennirnir eru oft hvatvísir, með práhyggju og sumir með Aspenger og þeir hafa þann eiginleika að geta einbeitt sér tímum saman að erfiðum málum.“ Drew segir að þessir blaðamenn fari á bólakaf í fréttina og vilji ekki hætta að rannsaka málið þótt fréttin sé tilbúin – þeir vilji alltaf finna meira efni í fréttina. „Annar góður eiginleiki er að blaðamaðurinn sé með öll

smáatriði um málið sem hann vinnur að í hausnum og heilinn sé stanslaust að vinna úr upplýsingunum í bakgrunni. Þegar hann vaknar um morguninn þá áttar hann sig allt í einu á einhverjum nýjum tengingum í fréttinni sem hann er að vinna.“

## Aðferðafræðin skiptir mestu

Á þeim tæpu fimmtán árum sem OCCRP hafa verið starfandi hafa samtökin fengið yfir 100 verðlaun fyrir rannsóknarblaðamennsku um allan heim. Drew hefur umsjón með um 50 ritstjórum og fjölda blaða- og tækni-manna um allan heim. Þegar blaðamaður sækir um vinnu hjá samtökunum má líkja ráðningarferlinu við próf. „Við fáum þeim verkefni og ef þeir leysa það verkefni vel þá fáum við þeim annað erfiðara verkefni og þannig koll af kalli og út frá þessum

verkefnum metum við eiginleika viðkomandi. Það sem skiptir mestu máli er hvernig viðkomandi leysir verkefni og aðferðafræðin sem hann notar.“

## Áræðni og ákveðni

Við leitum yfirleitt ekki að blaðamönnum heldur koma þeir til okkar og sækja um vinnu," segir Drew og spurður hvað sé mikilvægast fyrir ungan blaðamann á leið í atvinnuviðtal að hafa í huga svara hann; „Þú verður að sýna áræðni og vera ákveðinn. Ef blaðamaður er hræddur við að koma inná skrifstofuna mína og tala við mig þá er hann ekki blaðamaður. Þeir sem vilja vinna hjá okkur þurfa að standa fyrir framan mig og segja mér hvað þeir vilji gera sem sem blaðamenn og koma með hugmyndir að fréttamálum.“



## MÁLFASSHORN

### Sagnir/(ó)persónulegar

- Sumar sagnir eru persónulegar eða ópersónulegar eftir merkingu.
- Persónulegar sagnir beygjast með frumlaginu en ópersónulegar beygjast ekki, frumlagið er þá í aukafalli, þ.e. ekki í nefnifalli:
  - **Hann (nf.) bar** sorg sína í hljóði (persónul.)
  - **Þeir (nf.) báru** sorg sína í hljóði (persónul.)
  - **Hann (þf.) bar** á góma (ópersónul.)
  - **Þá (þf.) bar** á góma (ópersónul.)
  - **Ég (nf.) rak** lestina/**þeir (nf.) ráku** lestina (persónul.)
  - **Mig (þf.) rak** út fjörðinn/**þá (þf.) rak** út fjörðinn (ópersónul.)

### Tengingar

- Varast að nota „þannig að“ í stað „svo að“ eða „til þess að“
  - Siv vék úr stjórninni **til þess að** Sigríður kæmist að
  - Siv vék úr stjórninni **svo að** Sigríður ...

– \*Siv vék úr stjórninni **þannig að** Sigríður ...

(Ath. stjórnumerka setningin er ótæk)

- Ekki segja „þegar að“ eitthvað gerist. Orðinu „að“ er hér ofaukið
  - \*Ráðherrann svaraði fyrirspurnum þegar að fundinum var lokið
  - Ráðherrann svaraði fyrirspurnum þegar fundinum var lokið

(Ath. stjórnumerka setningin er ótæk)

### Fornöfn

- Fornafnið **hvor** er notað þegar tveir eiga í hlut.
- Fornafnið **hver** er notað um fleiri.
  - **Hvor** mannanna tveggja kom inn?
  - **Hver** mannanna þriggja kom inn?
  - **Hvor** Húnavatnssýslunnanna er stærri?
  - **Hvert** Norðurlandanna er stærst?

- Hvor/hver stendur í sama kyni, tölu og falli og no. eða fn. sem það vísar til:

- **Þeir** spurðu **hvor annan** spurninga
- **Þær** systur söknuðu **hver annarrar**
- Við heyrðum **þær** tala **hvora** við **aðra**
- Við heyrðum **þá** tala **hvorn** við **annan**

- Fornafnið „sinn“ veldur stundum vanda:
  - Bræðurnir börðust sinn í hvorum her
  - Bræðurnir börðust hvor í sínum her
  - \*Bræðurnir börðust í sitthvorum hernum
  - Þær stóðu sín hvorum megin götunnar
  - Þær stóðu hvor sínum megin götunnar
  - \*Þær stóðu sitthvorum megin götunnar

(Ath. stjórnumerku setningarnar eru ótækar)

# Staða og framtíð blaðamennskunnar

## Rannís styrkir rannsókn á blaða- og fréttamennsku á Íslandi

*„Það vakti athygli þegar Rannís birti tilkynningar um rannsóknarstyrki á dögunum að þar var að finna stóran styrk, upp á um 17,5 milljónir á árinu 2020 og framhaldsstyrk á næsta ári, til rannsóknarverkefnis sem bar yfirskriftina „Staða blaða- og fréttamennsku á Íslandi“*

Til þessa hafa ekki verið gerðar umfangsmiklar skiptlegar rannsóknir á blaða- og fréttamönnum á Íslandi, þótt slíkar rannsóknir séu umfangsmiklar í nágrennalöndunum. Það er Háskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri ásamt sjálfstæðum rannsakerndum sem koma að þessari rannsókn en í for-

svari fyrir verkefninu er Valgerður Anna Jóhannsdóttir, lektor við HÍ. Eftir því sem næst verður komist er þetta í fyrsta sinn sem Rannís veitir styrk til rannsókna á fjölmiðlum og blaðamennsku og því leitaði fulltrúi Blaðamannsins til Valgerðar og innti hana eftir því hvort þessir þættir hafi yfirleitt verið nægjanlega rannsakaðir af fræðafólki að hennar mati og hvort þetta sæti ekki tíðindum í fræðasamfélaginu?

Hún segir að það best hún viti sé þetta í fyrsta sinn sem Rannís styrki rannsóknir á fjölmiðlum og blaðamennsku. „Það kunna að finnast

dæmi um styrki til rannsóknaverkefna þar sem fjölmiðlar hafa komið eitthvað við sögu, en ekki þar sem blaðamennska og staða hennar hér á landi er beinlínis viðfangsefnið. Samkeppnin um styrki er mjög hörð og sem dæmi fékk Rannís 211 umsóknir um verkefnisstyrki í fyrra, og 30 fengu styrk, eða um um 14%,“ segir Valgerður.

### Knýjandi spurningar

Hún ítrekar þó að ekki sé hægt að kenna Rannís um það að fáir styrkir hafi farið til rannsókna á fjölmiðlum vegna þess að þar til á allra síðustu



*„Okkur hættir stundum til að halda að Ísland sé svo sérstakt. Við séum svo fá og smá og þess vegna séu hlutirnir hér öðruvísi. En erfíðleikarnir sem fagið er að glíma við eru um margt svipaðir víða annars staðar og gildi rannsóknarinnar fyrir blaða- og fréttamenn felst ekki síst í að geta speglað sig í aðstæðum kollegana, hér heima og erlendis, og fá upplýsingar um hvernig aðrir hafa brugðist við og lagað sig að breytingum,“ segir Valgerður A. Jóhannsdóttir, lektor við Háskóla Íslands.*



árum hafi fáir fengist við rannsóknir á þessu sviði og umsóknir þar af leiðandi fáar. „Við sem stöndum að þessu verkefni, sóttum reyndar um styrk til fjölmiðlarannsóknna 2011 en fengum ekki og erum óskaplega þakklát fyrir að tilheyra fámennum hópi styrkþega að þessu sinni. Það vantar sárlega rannsóknir á fjölmiðlum og blaðamennsku hér á landi, ekki síst núna þegar breytingarnar eru jafn örar og raun ber vitni. Það þarf auðvitað ekki að segja blaða- og fréttamönnum að umhverfi fjölmiðla og þeirra eigið starf hafi gengið í gegnum miklar breytingar á undanförunum árum og að fagið sem slíkt standi frammi fyrir gríðarlegum áskorunum,“ segir Valgerður. Hún bætir við að það heyrir oft talað um kreppu í þessu sambandi – og hún sé jafnvel talin getað ógnað sjálfri tilvist blaða- og fréttamennskunnar eins og við þekkjum hana. Hún minnr á að nýlega hafi t.d. framkvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar varpað fram þeirri spurningu í grein í Kjarnanum hvort íslenskir fréttamiðlar ættu sér framtíð, sem sé til marks um hversu knýjandi spurningum samfélagið standi frammi fyrir.

## Hluti af alþjóðlegri rannsókn

Rannsóknarverkefnið sem hér er að fara af stað tengir alþjóðlegu verkefni þar sem verið er að kanna svipaða hluti og aðspurð segir Valgerður að markmiðið sé að rannsaka hvaða augum blaða- og fréttamenn líta þessa kreppu og afleiðingar hennar. „Að kortleggja þær ógnir og óvissu sem þau og fagið sem slíkt, standa frammi fyrir og að öðlast betri skilning á því hvernig þau bregðast við og laga sig að breytingum.

Rannsóknin er spurningakönnun sem lögð verður fyrir alla starfandi blaða- og fréttamenn á fréttamiðlum. Einnig verða tekin lengri og dýpri viðtöl við um 50 blaða- og fréttamenn af

öllum helstu fréttamiðlum,“ segir Valgerður.

Eins og áður segir er rannsóknin hluti af alþjóðlegri langtímarannsókn og gengur sú rannsókn undir heitinu Worlds of Journalism Study (WJS). Hún nær til meira en 100 landa og er tvímælalaust ein umfangsmesta og ítarlegasta rannsókn á starfsumhverfi blaða- og fréttamanna, sem ráðist hefur verið í. „Við erum fimm sem stöndum að þessu hér á landi, sprenglærðir rannsakendur, og sem skiptir ekki minna máli, höfum flest áratuga reynslu sem blaða- og fréttamenn. Við teljum okkur því þekkjara vel til vettvangsins, ekki síður en fræðanna. Því má líka bæta við að WJS verkefnið er í samstarfi við mörg samtök og stofnanir sem láta sig fjölmiðla og blaðamennsku varða, t.d. Alþjóðasamtök blaðamanna, Fréttamenn án landamæra (RSF) og UNESCO,“ segir Valgerður.

## Mikilvæg blaðamönnum

Valgerður telur að rannsókn af þessu tagi geti haft mikla þýgingu fyrir bæði almenning og fagstétt blaðamanna, m.a. vegna þess að ekki eru til viðtækar rannsóknir á starfsumhverfi og skilyrðum blaða- og fréttamanna. Það sé lítt um það deilt að fréttamiðlar séu hverju lýðræðissamfélagi bráðnaúðsynlegir. „Maður sér t.d. í þessari Covidþoku sem nú umlykur allt að áhorf og lestur hefðbundinna fjölmiðla eykst. Þangað leitar fólk að áreiðanlegum upplýsingum þegar að kreppir. Staða fréttamiðla er hins vegar mjög erfið, álagið á blaða- og fréttamenn er mikið – og mikið rætt um hvað sé hægt að gera til að styrkja þessa stoð lýðræðisins. En til þess að geta það er nauðsynlegt að rannsaka stöðuna vel, vita og skilja hvað er í gangi,“ segir Valgerður. Hún bætir því við að rannsóknin sé líka ómetanlegt tækifæri til að bera stöðuna hér saman

við stöðuna í öðrum löndum. „Okkur hættir stundum til að halda að Ísland sé svo sérstakt. Við séum svo fá og smá og þess vegna séu hlutirnir hér öðruvísi. En erfiðleikarnir sem fagið er að glíma við eru um margt svipaðir víða annars staðar og gildi rannsóknarinnar fyrir blaða- og fréttamenn felst ekki síst í að geta speglað sig í aðstæðum kollegana, hér heima og erlendis, og fá upplýsingar um hvernig aðrir hafa brugðist við og lagað sig að breytingum,“ segir hún.

## Svörin órekjanleg

Sem áður segir byggir rannsóknin að verulegu leyti á könnun meðal íslenskra blaðamanna og í því samhengi skiptir augljóslega miklu, ekki síst þar sem um tiltölulega lítið þýði sé að ræða og fáa miðla, að svör einstakra blaðamanna séu ekki rekjanleg. Valgerður segir að ekki verði hægt að rekja svörin. Könnunin sé nafnlaus og svörin trúnaðarmál. Þess verði sérstaklega gætt að ekki verði hægt að rekja þau til einstakra fjölmiðla eða blaðamanna. Markmiðið sé enda ekki að vita hvað einstökum blaðamönnum finnst um þetta eða hitt, heldur að kortleggja stöðuna almennt – og bera saman við viðhorf kollega þeirra annars staðar.

Um tímasetningar og framkvæmd könnunarinnar segir Valgerður gert ráð fyrir að farið verði af stað í haust. „Úrvinnslan er hins vegar tímafrek og ég vil ógjarnan lofa neinu upp í ermar okkar varðandi birtingu. Gögnin verða fyrst send til WJS og hreinsuð þar, sem kallað er. Vonandi verður hægt að birta fyrstu niðurstöður varðandi Ísland snemma árs 2021 – og það verður gert á ráðstefnum og fundum, m.a. með blaða- og fréttamönnum. Það er lögð mikil áhersla á að deila þekkingu og upplýsingum sem verða til í rannsókninni sem víðast,“ segir Valgerður að lokum.



# Stuðningur við rekstur fjölmiðla er um leið stuðningur við lýðræðið

Rætt við Mogens Blicher Bjerregard, formann Evrópusamtaka blaðamanna

*Mogens Blicher Bjerregard hefur gegnt formennsku hjá Evrópusamtökum blaðamanna (EFJ) í þrjú kjörtímabil. Áður var hann formaður dönsku blaðamannasamtakanna um árabíl og stjórnarmaður hjá EFJ.*

Óhætt er að segja að hann hafi verið í fremstu röð í hagsmunabaráttu danskra og evrópskra blaðamanna um langt skeið. Þeir sem hafa kynnst Mogens vita að hann býr yfir djúpri reynslu og nálgast öll verkefni af mikilli alvöru og þekkingu. Blaðamaðurinn fékk hann til að svara nokkrum spurningum um störf og ábyrgð blaðamanna.

*Mig langar fyrst að fá að spyrja þig um hlutverk blaðamanna og blaðamennsku eins og þú sérð það núna en þó sérstaklega þær áskoranir sem blaðamenn þurfa að fást við nú þegar áhrifavald samfélagsmiðla er svo mikið?*

„Hlutverk blaðamanna er að leggja sitt af mörkum með faglegri og trúverðugri blaðamennsku. Um leið þurfa þeir að fylgja vinnuferlum og anda þeirra siðareglna sem eru búnar til af blaðamönnum og ritstjórunum. Einnig þurfa þeir að vera gegnsærri í því hvernig blaðamaður vinnur, vera gegnsær ef um er að ræða kostun og ekki síst vera í góðu sambandi við lesendur, hlustendur og áhorfendur á hverjum tíma. Reyndar er þetta ekki nýtt, en það verður að leggja áherslu

á þessi gildi núna þegar stöðugt fleiri fréttir berast í gegnum samfélagsmiðla. Þess vegna skiptir miklu máli að þeir sem starfa á forsendum faglegrar fjölmiðlunar taki skýrt fram að þeir fylgi á öllum tímum siðferðilegum viðmiðum og reglum og taki þátt í fagfélögum blaðamanna viðkomandi landa.“

*Á hvaða hátt verður gildum og markmiðum góðrar blaðamennsku best haldið á lofti?*

„Að hluta kom ég inn á þetta í fyrra svari mínu. Nauðsynlegt er að tryggja að fjölmiðlarnir sjálfir og þeirra regluverk (e. Self-regulatory system) beinist að öllum faglegum fjölmiðlum, óháð vettvangi. Einnig sé frekari menntun blaðamanna viðhaldið og hún eflað enda nauðsynlegt að viðhalda símenntun blaðamanna og tryggja um leið almennt fjölmiðla- og upplýsingalæsi.“

*Aðkoma stjórnvalda að stuðningi við fjölmiðla og rekstur þeirra hefur verið áberandi umræðuefni hér á landi undanfarið. Telur þú að það sé ásættanlegt að ríkið styðji rekstur fjölmiðla og hvernig heldurðu að það verði best gert svo að sjálfstæði þeirra sé ekki ógnað?*

„Stuðningur við ríkisfjölmiðla er í senn heppileg og viðeigandi leið til að viðhalda sjálfbærni og fjölbreyttri fjölmiðlun. Í litlum löndum, með tungu-

mál sem fáir tala, eins og á við um öll Norðurlöndin er mikilvægt að fá slíkan stuðning og það ætti að líta á hann sem stuðning við lýðræði. Það er ýmislegt sem kemur til: - Í fyrsta lagi ætti stuðningurinn að fullu að virða meginregluna um armslengd, í öðru lagi ætti að tryggja að allir fjölmiðlar séu meðhöndlaðir með sama hætti og njóti jafnstöðu. Í Danmörku fylgir stuðningurinn meira og minna fjölda blaðamanna og því til viðbótar er minniháttar stuðningur við nýmiðla og nýsköpun. Stjórnvaldið sem tekur ákvörðun um slíkan stuðning ætti að njóta algers sjálfstæðis gagnvart ríkisstjórninni og þinginu. Það er hægt að búa til slíkt fyrirkomulag og það getur orðið til þess að fjölmiðlar þrífast betur.“

*Þú hefur verið á móti öllum hugmyndum um að setja lög og reglur um blaðamennsku og umhverfi blaðamanna. Telur þú að það sé skilningur á slíkum sjónarmiðum meðal almennings og stjórnvalda?*

„Já, ég tel að það sé vel mögulegt að skapa „kínamúra“ sem aðgreina fjármögnun og þá blaðamennsku sem verður að vera á fréttastofum. Það verður að gerast svo komið verði í veg fyrir að stjórnmálamaður fari að setja lög sem hefta blaðamennsku.“

*Hvaða áskoranir bíða faglegar blaðamennsku í framtíðinni?*



Mogens Blicher Bjerregard, formaður Evrópusamtaka blaðamanna (EFJ)

Mynd: Valgarður Gíslason

„Helsta áskorunin tengist fjármögnun fjölmiðla. Þess vegna er svo mikilvægt að finna leiðir til að styðja við rekstur þeirra og þá um leið lýðræðið. Ef tilgreina á einhver sérstök málefni er tengjast starfi þeirra þá verðum við að vera virkari við að efla skilning á störfum blaðamanna og

fjölmiðlalæsi almennt þannig að fjölmiðlar geti verið í sem nánustu sambandi við almenning. Þá hef ég áhyggjur af því að minni fréttamiðlar, eins og bæjar- og svæðablöð, séu að hverfa. Þess vegna verðum við að finna nýjar leiðir til þess að styðja við héraðsfréttamiðla og þá blaða-

mennsku sem þar er ástunduð. Að lokum verð ég að nefna að starfsskiyrði og starfsöryggi blaðamanna verður að tryggja svo þeir geti stundað störf sín með viðunandi hætti.“

-SMJ





# Ámælisvert brot á Morgunblaðinu

Úrskurður í máli nr. 1/2019-2020

### Kærandi:

Auðun Freyr Ingvarsson

### Kærðu:

Baldur Arnarsson og ritstjórn  
Morgunblaðsins.

### Kæruefni:

Frétt um starfslok kæranda hjá Félagsbústöðum hf. í Morgunblaðinu hinn 4. mars 2019 og á vefnum mbl.is sama dag.

### Málsmeðferð

Málið var kært til Siðanefndar með bréfi kæranda, dags. 5. apríl 2019. Leitað var andsvara kærðu. Engin efnisleg andmæli bárust en blaðamaður sendi Siðanefnd Morgunblaðið frá 11. maí, 13. maí og 14. maí og vísaði til frekari umfjöllunar um málið í þeim. Þá var birt yfirlýsing frá kæranda í Morgunblaðinu 15. maí 2019. Nefndin ræddi málið á fundum sínum 23. maí og 3. júlí 2019.

### Málavextir

Kærandi lýsir því að í Morgunblaðinu mánudaginn 4. mars 2019 og í vefútgáfunni mbl.is hafi birst frétt um starfslok sín hjá Félagsbústöðum hf. en hann gegndi þar starfi framkvæmdastjóra. Segir í fyrrisögn „Hættu vegna stjórnandans“ og í undirfyrirsögnum: „Mikil ólga var innan Félagsbústaða“ og „Vitneskja um málið í borgarkerfinu.“ Kærandi var nafngreindur og með fréttinni birtist mynd af honum. Í kæru sinni gerir kærandi alvarlegar athugasemdir við vinnubrögð hins kærða blaðamanns. Hann hafi ekki haft samband við sig við vinnslu frétt-

arinnar og í fréttinni hafi ranglega verið haft eftir sér hvers vegna hann hefði látið af störfum. Vitnað sé til eins ónafngreinds heimildarmanns og látið líta svo út að sá tali fyrir hönd alls starfsfólks. Þá sé staðreyndum snúið á hvolf í tilvitnun til trúnaðarskýrslu, sem unnin hafi verið fyrir Félagsbústaði. Loks gerir kærandi sérstaka athugasemd við að í upphafi fréttarinnar sé vísað til þess að „megn óánægja“ hafi verið með störf hans.

Kærandi ritaði bréf til ritstjórnar Morgunblaðsins hinn 11. mars 2019 og fór m.a. fram á að grein sem fylgdi bréfinu yrði birt í blaðinu. Ekki var orðið við því. Í Morgunblaðinu 11., 13. og 14. maí 2019 var frekari umfjöllun um málið og hinn 15. maí 2019 birti blaðið grein eftir kæranda þar sem hann fjallar um málið en lýkur umfjöllun sinni með því að hann bíði niðurstöðu Siðanefndar.

### Umfjöllun

Kærðu hafa ekki látið mál þetta til sín taka með því að veita andsvör. Verður því málið úrskurðað á grundvelli framkominna gagna.



Fréttin í Morgunblaðinu er skýrlega merkt hinum kærða blaðamanni en útskrift af netútgáfu mbl.is hefur ekki verið lögð fyrir Siðanefnd. Ekki liggur annað fyrir en að fréttirnar séu samhljóða. Siðanefnd telur því hinn kærða blaðamann ábyrgan fyrir skrifum sínum gagnvart siðareglum.

Kærandi kvartar yfir því að fréttafnið hafi ekki verið borið undir hann áður en fréttin birtist. Siðareglur leggja engar sérstakar kvaðir á blaðamenn í því efni en í ljósi vandvirkniskröfu 3. gr. ber að minnsta kosti að telja blaðamanni skylt að bera frétt undir aðila máls ef telja má að fréttin skaði hann eða sé honum til vanvirðu enda telur Siðanefnd það vera almenna vinnureglu blaðamanna að leita eftir sjónarmiðum þess sem er skotspónn fréttar. Frá þessari meginreglu verður að telja að sú undantekning gildi að ekki sé skylt að viðhafa slíka vandvirkni ef frétt á umsvifalaust brýnt erindin við almenn- ing en því var augljóslega ekki að heilsa varðandi þessa frétt, sem ber með sér að hafa verið nokkurn tíma í undirbúningi hjá blaðamanni. Þegar litið er til þess að umfjöllunin snertir mikilsverða persónulega hagsmuni kæranda er það álit Siðanefndar að hinn kærði blaðamaður hafi ekki vandað upplýsingaöflun sína og ekki sýnt fyllstu tillitssemi í vandasömu máli eins og 3. gr. siðareglna býður.

Kvörtun kæranda beinist ennfremur að efnishlið fréttarinnar. Að mati Siðanefndar ber umfjöllun um ástæðu starfsloka kæranda merki þess að ekki hafi verið vandað til upplýsingaöflunar en getur ekki amast við því að þar sé getið um aðrar ástæður starfsloka en þær sem kærandi vill halda á

lofti. Hið sama á við um ályktanir sem dregnar eru af trúnaðarskýrslu, sem blaðamaður virðist hafa undir höndum, og því að blaðamaður kys að lýsa óánægju ótilgreindra aðila sem megnri.

Ritstjórn Morgunblaðsins brást ekki við réttmætri kvörtun kæranda, þegar hann vakti athygli hennar á því að blaðamaður hefði ekki haft samband við hann við vinnslu fréttarinnar, með

því að gera strax grein fyrir sjónarmiðum kæranda í blaðinu eða birta grein þá sem hann óskaði eftir að birt yrði. Ritstjórnin sýndi því kæranda ekki fyllstu tillitsemi svo sem ætlast verður til og 3. gr. siðareglna boðar.

## Úrskurður

Kærðu, Baldur Arnarsson, blaðamaður, og ritstjórn Morgunblaðsins teljast

hafa brotið siðareglur BÍ. Brotin eru ámælisverð.

Reykjavík, 3. júlí 2019.

Björn Vignir Sigurpálsson,  
Hjörtur Gíslason,  
Ásgeir Þór Árnason,  
Friðrik Þór Guðmundsson,  
Valgerður Anna Jóhannsdóttir

# Máli vísað frá

Mál nr. 3/2019-2020

## Kærandi:

Magnús Halldórsson.

## Kærðir:

Sigurður Már Jónsson blaðamaður og Gísli Freyr Valdórsson, ábyrgðarmaður Þjóðmála.

## Kærufni:

Um fjöllun um vefmiðilinn Kjarnann í tímaritinu Þjóðmál vor 2019.

## Málsmeðferð

Kæran barst framkvæmdastjóra Blaðamannafélags Íslands með tölvupósti 31. maí sem framsendi hana á Siðanefnd ásamt viðhengjum, þ.e. bréfi kæranda, kærðri grein í Þjóðmálum og skjáskoti af blogg pistli kærða 29. apríl. Siðanefnd tók málið fyrir á fundi sínum 3. júlí.

## Málavextir

Kærandi ritaði Siðanefnd ítarlegt bréf þar sem hann tiltekur fjölmörg atriði sem hann telur ranglega farið með í téðri grein kærða í Þjóðmálum.

## Um fjöllun

Kæra málsins varðar sömu grein í Þjóðmálum og úrskurður Siðanefndar í máli nr. 2/2019-2020. Með þeim úrskurði komst Siðanefnd að þeirri niðurstöðu að um væri að ræða framsetningu höfundar á skoðunum sínum, sem siðareglur tækju ekki til, sbr. siðasta málslið 5. gr. Með vísun til þess úrskurðar vísar meirihluti Siðanefndar kæru þessari frá.

Friðrik Þór Guðmundsson skilar séráliti og bókar: Í grein kærðs er ýmislegt sem ber einkenni faglegra vinnubragða en einnig ýmislegt sem ber einkenni persónulegra og/eða pólitískra viðhorfa. Ekkert kemur fram í uppsetningu/kynningu höfundar og fjölmiðilsins á efninu sem tekur af þennan vafa. En kærði hefur í tvígang lýst skrifum sem fréttaskýringu. Í nánast samhljóða kærúmáli frá Þórði Snæ Júlíussyni (mál 2/19-20) ákvað meirihluti Siðanefndar að vísa því máli frá á þeim grundvelli að um viðhorfsgrein væri að ræða og án þess að leita eftir andsvörum. Minnihlutinn (FPG) vildi h.v. vegna óvissu um eðli skrifanna senda eftir andsvörum, með í huga að kærði tæki fyrir sitt leyti af

allan vafa um flokkun skrifanna af hans hálfu. Að leita eftir andsvörum er ekki yfirlýsing um að kærúmáli sé tækt til efnislegrar umfjöllunar og úrskurðar um brot eða ekki brot á siðareglum. Þá liggur nú fyrir að kærði hefur, í tölvuskeyti til Siðanefndar 3. júní sl., óskað eftir því „að fá afrit af kærúnum“ til að geta kynnt sér efni þeirra. Í ljósi þessa ítreka ég þá afstöðu mína að kærúna eigi að senda til kærðs til andsvara. Ég tel hins vegar rétt að vísa frá kæru á hendur Gísla Frey Valdórssyni, ritstjóra, með því að hún er óljós og vanreiðuð.

## Úrskurður

Máli 3/2019-2020 er vísað frá með atkvæðum fjögurra fulltrúa í siðanefnd gegn einu.

Reykjavík, 10. júlí 2019.

Ásgeir Þór Árnason,  
Hjörtur Gíslason,  
Björn Vignir Sigurpálsson,  
Nanna Teitsdóttir,  
Friðrik Þór Guðmundsson  
– með fyrirvara

# Alvarlegt brot ritstjóra DV

Mál nr. 5/2019-2020

### Kærandi:

Afstaða, félag fanga og annarra áhugamanna um bætt fangelsismál og betrun, fyrir hönd ónafngreinds fanga (NN).

### Kærðu:

Ágúst Borgþór Sverrisson, blaðamaður og Lilja Katrín Gunnarsdóttir, ritstjóri og ábyrgðarmaður hjá DV.

### Kæruefni:

Umfjöllun dagblaðsins DV og vefmiðilsins dv.is sem birtist 19. júlí 2019, „Dæmdur morðingi en lifir að miklu leyti sem frjáls maður“.

### Málsmeðferð

Kæran barst framkvæmdastjóra Blaðamannafélags Íslands með tölvupósti hinn 30. júlí 2019 sem framsendi hana Siðanefnd ásamt formlegu bréfi kæranda. Siðanefnd tók málið fyrir hinn 15. ágúst þar sem ákveðið var að biðja um staðfestingu frá NN um að Afstaða hefði umboð til að kæra umfjöllunina fyrir hans hönd. Staðfesting barst 17. ágúst og í kjölfarið var óskað eftir andsvörum frá kærðu og bárust þau Siðanefnd 27. ágúst.

Siðanefnd tók málið aftur til umræðu á fundum 10. september, 17. og 29. október.

### Málavextir

Kærandi lýsir því að NN hafi ítrekað verið umfjöllunarefni fréttu DV og vísar í fjórar fréttir er varða afplánun hans og friðindi. Hin kærða frétt birtist 19. júlí 2019 undir fyrirsögninni „Dæmdur morðingi en lifir að miklu leyti eins og frjáls maður“ og gerir kærandi ýmsar athugasemdir við inntak og framsetningu

fréttarinnar. Í ljósi þess að ekki er hægt að fá leiðréttingu á því efni sem birt var í frétt DV vék Siðanefnd frá leiðréttingarkröfu 1. mgr. 6. gr. siðareglna og kallaði eftir andsvörum blaðamanns og ritstjóra.

Kærðu benda í andsvörum sínum á að þeim hafi borist fjölmargar ábendingar um að NN hafi sést utan veggja fangelsisins og töldu því brýnt að bregðast við þeim ábendingum í þágu almannahagsmuna. Kærðu telja að umfjöllunarefnið hafi verið mikilvægt og að með því hafi ólíkir afplánunarhættir verið settir í samhengi við betrunarsjónarmið fangelsisvistar.

Umkvörtunarefni kærunnar eru sett fram í 6 tölusettum liðum er verða rakin hér ásamt andsvörum kærðu.

1. Kærandi kvartar yfir því hvernig blaðamaður nálgadist NN til að falast eftir viðtali og skrifar að: „blaðamaður [hafi setið] fyrir NN fyrir utan áfangaheimilið Vernd þar sem hann afplánar sinn dóm.“ Kærandi telur þetta brot á lögum þar sem kveðið er á um að Fangelsismálastofnun ákveði hvort heimila skuli fjölmiðlaviðtal við fanga og ákvarði framkvæmd þeirra. Kærðu benda á að „Fangelsismálastofnun hefur enga lögsögu yfir fjölmiðlum og blaðamönnum“ og það sé edlileg athöfn blaðamanns að falast eftir viðtali við mann sem hefur verið dæmdur fyrir morð.
2. Kærandi gerir athugasemd við að blaðamaður lýsi útliti NN enda eigi sú lýsing ekki erindi við almenning. Kærðu svara því til að lýsingin hafi verið hluti af heildarnálgun fréttarinnar um

hvort vísbendingar séu um að NN sé „betráður fangi.“

3. Kærandi gerir athugasemd við að „blaðamaður [lýsi] bifreið þeirri sem NN hefur til umræða, [tilgreini] að hún sé í eigu móður NN og [birti] ljósmynd af bílnum“ (sjá nánar í lið 5).
4. Kærandi kvartar yfir birtingu ljósmynda „teknar úr launsátri af NN við vinnu sína.“ Kærðu andmæla því ekki að myndirnar voru teknar úr launsátri en benda á að umkvörtunina væri „aðeins hægt að samþykkja ef maður teldi að fréttaljósmyndir væru almennt óþarfar eða skadlegar.“
5. Kærandi bendir á að upplýsingar um „heimilisfang móður NN, bíl hennar auk ljósmyndar af nefndum bíl“ séu brot gegn 3. grein siðareglna BÍ þar sem aðstandendur NN njóti réttar til friðhelgi einkalífs og þar með hafi blaðamaður „virt þann rétt að vettugi og [valdið] þar saklausu fólki, sem á um sárt að binda óþarfa sársauka.“ Einnig gerir kærandi athugasemd við að fjallað sé um fötlun bróður NN þar sem þær upplýsingar séu viðkvæmar og „eigi ekki erindi í fjölmiðla.“ Varðandi tilgreiningu lögheimilis móður svara kærðu því að lögheimili hans teljist ekki vera viðkvæmar upplýsingar og ekki óeðlilegt að birta upplýsingar um heimili opinberra persóna í fréttum. Hvað varðar fötlun bróður NN andmæla kærðu því að þær upplýsingar séu viðkvæmar, vísa til þess að þær hafi áður komið fram í fréttum og

segja þær „dregnar fram til að sýna frelsi NN í jákvæðu ljósi.“

6. Kærandi gerir athugasemd við að „rifjaður [sé] upp fjölskylduharmleikur sá þegar faðir NN fyrirfór sér“ og telur það „ekkert erindi eiga til almennings. Breytir þá engu hvort sömu upplýsingar hafi birst áður í fjölmiðlum.“ Kærðu telja að „þær upplýsingar [séu] óhjákvæmilegur hluti af umfjöllun um mál NN.“

## Umfjöllun

Siðanefnd undirstrikar mikilvægi þess að fjölmiðlar hafi frelsi til að fjalla um erfið mál og er refsivist fanga þar engin undantekning. Í ýmsum fyrri úrskurðum sínum hefur Siðanefnd árréttað mikilvægi aðhalds fjölmiðla að stjórnvöldum og öðrum valdhöfum.

Í umfjöllun Siðanefndar vöknudu spurningar um það hvort settar hafi verið fram óþarflega nákvæmar upplýsingar um aðstandendur NN andspænis rétti þeirra og NN til friðhelgis einkalífs. Í þessu samhengi var sérstaklega litið til tilgreiningar á lögheimili móður NN. Siðanefnd getur ekki fallist á það sjónarmið kærðu að upplýsingarnar væru ekki viðkvæmar og að þær væru eðlilegar upplýsingar um heimili opinberra persóna. NN býr ekki á lögheimili sínu, enda fangi í vist á Vernd, og tilgreining skráðs heimilisfangs því óþörf. Hvað varðar upplýsingagjöf í hinni kærðu frásögn um fötlun bróður hans og sjálfsvíg föður hans er að mati Siðanefndar ekkert sem réttlætir þá umfjöllun. Siðanefnd telur hvað þessi atriði varðar að kærður fjölmiðill hafi ekki auðsýnt tillitssemi í vandasömu máli og lagt ósanngjarna byrði á saklausa þriðju aðila. Sama gildir í raun um viðkomandi fanga. Það er ekkert í frásögninni og myndunum sem gefur annað til kynna en að viðkomandi fangi hafi við afplánun sína verið til fyrirmyndar. Viðkomandi er ekki sibrótamaður sem ítrekað hefur komist í kast við lögin. Afplánun hans er langt komin og ekki með nokkru móti sýnt fram á það í frásögn fjölmiðilsins að afplánunarræði hjá Vernd

eða leyfi til að stunda vinnu séu á einhvern hátt óeðlilegar ráðstafanir eða andstæðar lagaheimildum.

